

Reykjavík 3. nóvember 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna ofangreindu frumvarpi og þeirri miklu vinnu sem hefur verið lögð í það. Samtökin fagna sérstaklega bættri og skýrari réttarstöðu barna, auknu samstarfi barnaverndarnefnda og þeirra sem starfa með börnum, skýrari reglum varðandi ábyrgð á kostnaði vegna barna sem vistuð eru utan heimilis og skýrari ákvæði um eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru, og á það einnig við í umgengnis- og/eða forsjármálum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. 5. gr. d- liður: Breyting á 15. gr. barnaverndarlaga:

Gert er ráð fyrir að á eftir 5. mgr. komi málsgrein, svohljóðandi:

Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákveður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun.

Barnaheill - Save the Children Íslandi leggja áherslu á að ef barn er hér á landi án forsjáraðila sé því fenginn tilsjónarmaður, sem fylgir því í gegn um allt ferlið, allt þar til mál þess er til lykta leitt. Þannig hefur barnið einn aðila sem það getur tengst og treyst á.

2. Athugasemd við 6. gr. a- lið: Breyting á 16. gr. barnaverndarlaga.

6. gr. a-liður fjallar um skyldur almennings til að tilkynna til barnaverndarnefndar. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að í tilkynningaskyldu og í starfi barnaverndarnefnda sé hugað að því að börn sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum eru þolendur ofbeldis og þurfa því á markvissum stuðningi að halda. Ekki er lögð til orðalagsbreyting svo fremi sem talið verður að b-liður feli í sér að það jafngildi ofbeldi að barn sé vitni að ofbeldi á heimili sínu.

3. Athugasemd við 32. grein laganna frá 2002.

Eftirfarandi málsgrein er í lögnum: *Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.*

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að í öllum tilfellum sé barni skipaður tilsjónarmaður eða lögráðamaður þannig að barnið hafi ákveðinn aðila sem það getur leitað til. Samtökin leggja áherslu á að tilsjónarmaður hafi til að bera þekkingu og reynslu af málefnum barna.

4. Athugasemd við 35. gr. laganna um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.

1. mgr. hljóðar á eftirfarandi hátt: *Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr.*

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að í öllum tilfellum skuli hefja könnun máls. Telja verður að rik könnunarskylda sé í þessum tilvikum þar sem starfsmaður ber sérstaka ábyrgð.

5. Athugasemd við 35. gr. b - lið: Breyting á 67. gr. barnaverndarlaga

Barnaheill --Save the Children á Íslandi hvetja til þess að skoðað sé betur samspil fyrrefndrar greinar og ákvæði barnalaga til að ekki komi til misræmis milli laganna.

6. Athugasemd við 44. gr. b- lið: Breyting á 82. gr. barnaverndarlaga

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja til að ákvæði um að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd b. og c. liða haldist í lögnum. Um er að ræða alvarleg inngríp og eftirlit og því rétt að kveða á um setningu reglugerðar um inntak þeirra og

framkvæmd. Á þann hátt verður leitast við tryggja að enginn vafi leiki á lögmæti reglna í tengslum við þessi ákvæði.


7. Athugasemd við 50. gr. í frumvarpinu – Um hlutverk Barnaverndarstofu og ráðuneytis

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna áherslum um aukið mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Samtökin telja hins vegar afar óheppilegt að áfram er gert ráð fyrir að sami aðili sjái um rekstur stofnana og eftirlit á þeim og leggja því til að endurskoðaðar verði tillögur þar að lútandi. Ef Barnaverndarstofu er falinn svo umfangsmikill rekstur sem lagt er til í frumvarpinu þarf eftirlitsþátturinn að vera í höndum ráðuneytis eða í umboði þess og aðskilið með enn skýrari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir. Í greinargerð um d-lið (89.d.) er gert ráð fyrir sérfræðingi ráðuneytisins í þessu skyni. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að faglegt eftirlit með stofnunum þessum sé starf umfram það sem einn sérfræðingur getur annast.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því að kveðið sé skýrar á um eftirlit með fósturheimilum, en hins vegar telja samtökin að ein til tvær heimsóknir á ári á fósturheimili sé ekki nægilegt eftirlit út frá hagsmunum barnsins.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla- Save the Children, á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Reykjavík 7. mars 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna ofangreindu frumvarpi og þeirri miklu vinnu sem hefur verið lögð í það. Samtökin fagna sérstaklega bættri og skýrari réttarstöðu barna, auknu samstarfi barnaverndarnefnda og þeirra sem starfa með börnum, skýrari reglum varðandi ábyrgð á kostnaði vegna barna sem vistuð eru utan heimilis og skýrari ákvæði um eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi vilja hér ítreka þá grundvallarreglu barnaréttarins og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að ávallt beri að hafa hag og þarfir barnsins að leiðarljósi þegar málefni þess eru ráðin, sama hver þau eru, og á það einnig við í umgengnis- og/eða forsjármálum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja hér koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

1. 5. gr. d- liður: Breyting á 15. gr. barnaverndarlaga.

Gert er ráð fyrir að á eftir 5. mgr. komi málsgrein, svohljóðandi:

Ef barni, sem er hér á landi án forsjáraðila sinna, er veitt hæli eða dvalarleyfi á Íslandi ákvæður Barnaverndarstofa hvaða barnaverndarnefnd skuli taka við forsjá barnsins og fara með málið eftir að leyfi er veitt. Ríkissjóður greiðir allan kostnað viðkomandi barnaverndarnefndar samkvæmt ákvæðum laganna vegna ráðstöfunar barnsins í fóstur eða aðra vistun.

Barnaheill - Save the Children Íslandi leggja áherslu á að ef barn er hér á landi án forsjáraðila sé því fenginn tilsjónarmaður, sem fylgir því í gegn um allt ferlið, allt þar til mál þess er til lykta leitt. Þannig hefur barnið einn aðila sem það getur tengst og treyst á.

2. Athugasemd við 6. gr. a- lið: Breyting á 16. gr. barnaverndarlaga.

6. gr. a-liður fjallar um skyldur almennings til að tilkynna til barnaverndarnefndar. Barnaheill - Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að í tilkynningaskyldu og í starfi barnaverndarnefnda sé hugað að því að börn sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum

eru þolendur ofbeldis og þurfa því á markvissum stuðningi að halda. Í ljósi niðurstaðna skýrslu Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um „Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi“ leggja samtökin til að bætt verði inn nýjum lið í 1. mgr. á eftir a. lið (*búi við óviðunandi uppeldisaðstæður*) og orðist hann svo: *búi við kynbundið ofbeldi á heimili sínu eða ofbeldi milli foreldra.*

Barnaheill – Save the Children á Íslandi telja afar brýnt að sérstakt ákvæði verði í barnaverndarlögum um börn sem búa við kynbundið ofbeldi. Rannsókn samtakanna sýnir að margar stofnanir sem vinna með börnum gefa ekki nægan gaum að því að börn sem búa við heimilisofbeldi eru einnig fórnarlömb og þurfa markvissan stuðning og aðstoð. Sérstakt ákvæði í barnaverndarlögum myndi styrkja til muna réttarstöðu barnanna og beina sjónum fagfólks að stöðu þeirra og hve brýnt er að þau fái öryggi og vernd.

3. Athugasemd við 10. gr.: Breyting á 21. gr. barnaverndarlaga.

Í samræmi við ofangreinda athugasemd Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, um að bæta réttarstöðu barna sem búa við heimilisofbeldi, leggja samtökin til að bætt verði inn í fyrstu málsgrein 21. gr. laganna: *eða kynbundins ofbeldis á heimili.*

Fyrsta málgrein myndi þá hljóða þannig: *Þegar barnaverndarnefnd fær tilkynningu eða berast upplýsingar með öðrum hætti um að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hættu búin vegn vanrækslu, vanhæfni, framferðis foreldra eða kynbundins ofbeldis á heimili, ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra.....*

4. Athugasemd við 32. grein laganna frá 2002.

Eftirfarandi málsgrein er í lögnum: *Barnaverndarnefnd getur óskað eftir því að barni verði skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður, ef hún telur það þjóna hagsmunum barnsins.*

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mikilvægt að í öllum tilfellum sé barni skipaður tilsjónarmaður eða lögráðamaður þannig að barnið hafi ákveðinn aðila sem það getur leitað til. Samtökin leggja áherslu á að tilsjónarmaður hafi til að bera þekkingu og reynslu af málefnum barna.

5. Athugasemd við 35. gr. laganna um úrræði gagnvart þeim sem vinna með börnum.

1. mgr. hljóðar á eftirfarandi hátt: *Ef barnaverndarnefnd fær ábendingu um að atferli manns, sem starfa sinna vegna hefur samskipti við börn, sé stórlega ábótavant skal nefndin ef hún telur tilefni til hefja könnun málsins í samræmi við ákvæði 21. gr.*

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að í öllum tilfellum skuli hefja könnun máls. Telja verður að rík könnunarskylda sé í þessum tilvikum þar sem starfsmaður ber sérstaka ábyrgð.

6. Athugasemd við 35. gr. b - lið: Breyting á 67. gr. barnaverndarlaga.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvetja til þess að skoðað sé betur samspil fyrrnefndrar greinar og ákvæði barnalaga til að ekki komi til misræmis milli laganna.

7. Athugasemd við 43. gr. b- lið: Breyting á 82. gr. barnaverndarlaga.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja til að ákvæði um að ráðherra setji reglugerð um framkvæmd b. og c. liða haldist í lögunum. Um er að ræða alvarleg inngríp og eftirlit og því rétt að kveða á um setningu reglugerðar um inntak þeirra og framkvæmd. Á þann hátt verður leitast við tryggja að enginn vafi leiki á lögmæti reglna í tengslum við þessi ákvæði.

8. Athugasemd við 49. gr. í frumvarpinu – Um hlutverk Barnaverndarstofu og ráðuneytis.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna áherslum um aukið mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis. Samtökin telja hins vegar afar óheppilegt að áfram er gert ráð fyrir að sami aðili sjái um rekstur stofnana og eftirlit á þeim og leggja því til að endurskoðaðar verði tillögur þar að lútandi. Ef Barnaverndarstofu er falinn svo umfangsmikill rekstur sem lagt er til í frumvarpinu þarf eftirlitsþátturinn að vera í höndum ráðuneytis eða í umboði þess og aðskilið með enn skýrari hætti en frumvarpið gerir ráð fyrir. Í greinargerð um d-lið (89.d.) er gert ráð fyrir sérfræðingi ráðuneytisins í þessu skyni. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja að faglegt eftirlit með stofnunum þessum sé starf umfram það sem einn sérfræðingur getur annast.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna því að kveðið sé skýrar á um eftirlit með fösturheimilum, en hins vegar telja samtökin að ein til tvær heimsóknir á ári á fösturheimili sé ekki nægilegt eftirlit út frá hagsmunum barnsins.

Virðingarfyllst

f.h. Barnaheilla- Save the Children, á Íslandi



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

15.11.2010

Alþingi
Erindi nr. P 139/256
komudagur 15.11.2010

Félags- og tryggingamálanefnd

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi bvn. Eyjafjarðar, 10. nóv. sl.:

Umsögn um frumvarp til nýrra barnaverndarlaga.

Nefndinni hefur borist frumvarp til nýrra barnaverndarlaga til umsagnar. Frumvarpið felur í sér nokkuð umfangsmiklar breytingar á gildandi lögum, sem þó að meginefni eru þess eðlis að verið er að skerpa og skýra ýmis ákvæði laganna, án þess að meginefni sé breytt. Lýsir nefndin sig sammála þessum breytingum, svo og þeim efnisbreytingum sem lagðar eru til; einkum er varða vistunar- og fósturmál. Þannig telur barnaverndarnefnd Eyjafjarðar þær breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem gert er ráð fyrir í 42. gr. frumvarpsins, vera til bóta. Í þessu sambandi vill nefndin hinsvegar undirstrika, að til þess að svo megi verða sé nauðsynlegt að framkvæmdavaldið sjái til þess að vistheimili fyrir börn í bráðatilvikum séu tiltæk í öllum landshlutum svo engin börn þurfi að hlíta því að vera flutt um langan veg burt úr sínu heimahéraði þegar þau þurfa á slíku úrræði að halda.

Kveðja,

Áskell Örn Kárason, sálfræðingur
forstöðumaður barnaverndar

Alþingi
Erindi nr. P 139/226
komudagur 11.11.2010



Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 9. nóvember
2010

Tilvísun : 2010040050/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 20. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Sama frumvarp var lagt fyrir á Alþingi síðast liðið vor, sbr. 557. mál. Skilaði Barnaverndarstofa umsögn um það frumvarp með bréfi til Alþingis, dags. 7. júní 2010. Afrit af því erindi fylgir með bréfi þessu.

Barnaverndarstofa hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 en fram koma í áður nefndri umsögn stofunnar. Vísar stofan því til þeirrar umsagnar sinnar.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir
Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu



Hjálagt:

Umsögn Barnaverndarstofu til Alþingis, dags. 7. júní 2010.





Alþingi
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, 7. júní 2010
Tilvísun : 2010040050/33

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 14. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002. Barnaverndarstofa þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um efni frumvarpsins.

I.

Almennt telur Barnaverndarstofa að þær breytingar, sem lagðar eru til í frumvarpinu, séu til þess fallnar að bæta vinnslu barnaverndarmála. Má hér nefna sem dæmi skýrari réttarstöðu þess foreldris sem barn býr ekki hjá þegar forsjá er sameiginleg og réttarstöðu forsjárlausra foreldra. Telja verður að þessar breytingar séu til þess fallnar að vinnsla barnaverndarmála taki betur mið af réttindum barna og foreldra sem ekki eiga sama lögheimili og auknum fjölda barna sem alast upp við slíkar aðstæður. Einnig telur Barnaverndarstofa til bóta að gera réttarstöðu fósturforeldra skýrari líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Barnaverndarstofa fagnar sérstaklega aukinni áherslu sem lögð er á það í frumvarpinu að veita börnum tækifæri til þess að tjá sig um mál sem þau varðar, sbr. 21. og 26. gr. frumvarpsins. Breytingar á 46. gr. barnaverndarlaga í þessum efnum, þar sem síðari málsliður 2. mgr. ákvæðisins er felldur á brott, gerir auknar kröfur til þess að barnaverndarnefndir gefi öllum börnum kost á að tjá sig um mál sem þau varða í samræmi við aldur þeirra og þroska. Líkt og fram kemur í athugasemdum með 21. gr. frumvarpsins er með þessari breytingu verið að samræma orðalag ákvæðisins betur þeim kröfum sem gerðar eru í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins í þessum efnum.

Hvað varðar þær breytingar sem lagðar eru til í 49. gr. frumvarpsins um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistun barna utan heimilis þá telur Barnaverndarstofa það til bóta að skýra eftirlitið betur en nú er gert í barnaverndarlögum. Hvað varðar hlutverk félagsmálaráðuneytisins í þessu sambandi, en gert er ráð fyrir að svokallað ytra eftirlit með úrræðum á ábyrgð ríkisins flytjist þangað, þá telur Barnaverndarstofa rétt að taka það fram að ekki er um verulega breytingu að ræða á framkvæmd eftirlitsins þar sem Barnaverndarstofa hefur um margra ára skeið falið utanaðkomandi aðila að annast slíkt eftirlit til viðbótar við það eftirlit sem sérfræðingar stofunnar sinna. Hefur Barnaverndarstofa verið ánægð með þá framkvæmd og telur því ekki ástæðu til að ætla annað en að sú leið, sem lögð er til í frumvarpinu, verði farsæl.

Ákvæði 41 og 45. gr. frumvarpsins lúta að því að ábyrgð á því að tiltækar séu stofnanir til þess að taka við börnum, bæði í bráðatilvikum, til þess að greina vanda og kanna aðstæður barna og veita börnum móttöku vegna ófullnægjandi heimilisaðstæðna, færist frá sveitarfélögum til ríkis.

Barnaverndarstofa telur að sú breyting sé til bóta, enda hefur það sýnt sig að eingöngu stærstu sveitarfélögin hafa burði til þess að reka slíkar stofnanir. Hins vegar telur Barnaverndarstofa ekki rétt að breyta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga með þessum hætti nema tryggt sé að Barnaverndarstofa fái nauðsynlegt fjármagn til þess að byggja upp slíkar stofnanir sem barnaverndarnefndir geta nýtt þegar þörf er á. Eins og staðan er í dag er t.a.m. eingöngu starfrækt eitt heimili þar sem sérhæft starfslið starfar þar sem tekið er við börnum í bráðatilvikum og unnt er að kanna vanda þeirra og leggja mat á hvaða meðferð og stuðning bæði börnin og foreldrar þeirra þurfa á að halda, þ.e. Vistheimili barna sem Reykjavíkurborg rekur. Nýting á því heimili hefur verið mjög mikil og alveg ljóst að ekki það mun ekki geta tekið við börnum annars staðar af landinu án þess að langur biðlisti myndist. Taki ríkið yfir rekstur þessara heimila er því ljóst að nauðsynlegt verður að koma á fót a.m.k. einu heimili sem gegnir sambærilegu hlutverki og Vistheimili barna. Stuðningur Barnaverndarstofu með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti er því háður því að stofan fái nauðsynlegt fjármagn til þess að geta sinnt þeirri skyldu að tiltæk séu úrræði til þess að taka við börnum samkvæmt breyttri 79. gr. barnaverndarlaga.

II.

Barnaverndarstofa telur þó rétt að leggja til nokkrar breytingar við frumvarpið, eins og það var lagt fram á Alþingi.

Í fyrsta lagi telur Barnaverndarstofa rétt að nýjum málslíð verði bætt aftan við b-lið 6. gr. frumvarpsins, þar sem gerðar eru breytingar á ákvæði 16. gr. barnaverndarlaga um tilkynningarskyldu þar sem lögð er áhersla á að tilkynningarskyldu þegar áhyggjur eru af því að má að foreldrar muni ekki vera í stakk búnir til þess að sinna forsjárskyldum sínum, s.s. vegna fötlunar eða sjúkdóma. Í slíkum tilvikum er nauðsynlegt að gera barnaverndarnefnd viðvart um slíkar áhyggjur eins fljótt og kostur er fyrir fæðingu barns svo að barnaverndarnefnd geti metið styrkleika og veikleika verðandi foreldra og undirbúið viðeigandi stuðning í hverju tilviki fyrir sig. Ætla má að slíkar aðgerðir muni auðvelda nýbökudum foreldrum að rækja uppeldisskyldur sínar og auka öryggi barnsins á heimilinu strax á fyrstu vikum eða mánuðum. Því er um að ræða vægara úrræði en að vista barn utan heimilis, en komið hafa upp tilvik þar sem slíkt var talið óhjákvæmilegt vegna öryggi barnsins og barnaverndarnefnd fékk ekki tækifæri til þess að meta hvaða stuðningur er nauðsynlegur í viðkomandi máli og gera ráðstafanir til þess að koma slíkum stuðningi á. Leggur Barnaverndarstofa því til að eftirfarandi málslíð verði bætt aftan við b-lið 6. gr. frumvarpsins:

„Sama gildir þegar að öðru leyti er ástæða til að ætla að væntanlegir foreldrar muni ekki geta sinnt uppeldisskyldum sínum með fullnægjandi hætti.“

Í öðru lagi leggur Barnaverndarstofa til að nýjum málslíð verði bætt aftan við c-lið 11. gr. frumvarpsins. Stofan telur rétt að taka fram að telja verður til bóta þær breytingar sem lagðar eru til c-lið 11. gr. og a-lið 13. gr. frumvarpsins þar sem áhersla er lögð á eða meta þörf á samstarfi við aðra aðila, s.s. skóla barnsins, og leitast við að fá samþykki foreldra til að koma slíku samstarfi á við gerð áætlunar um meðferð máls. Ljóst er að hagsmunir þess barns sem mál varðar geta kallað á samvinnu við aðra aðila sem veita barninu þjónustu og nauðsynleg forsenda fyrir því er að unnt sé að barnaverndarnefndir geti deilt nauðsynlegum upplýsingum um stöðu málsins hverju sinni í þeim tilgangi að gera stuðning og þjónustu við barn og foreldra markvissari og líklegri til árangurs. Með hliðsjón af því hversu viðkvæman málaflokk um er að ræða og að trúnaðarskyldan samkvæmt barnaverndarlögum er ríkari en almennt í íslenskri stjórnsýslu telur Barnaverndarstofa þó rétt að leggja til að nýjum málslíð verði bætt aftan við c-lið 11. gr. frumvarpsins þar sem tekið er sérstaklega fram að trúnaðarskylda 8. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga gildi jafnframt um þá aðila sem barnavernd eigi samstarf við við vinnslu málsins. Leggur Barnaverndarstofa því til að eftirfarandi málslíð verði bætt aftan við c-lið 11. gr. frumvarpsins:

„Trúnaðarskylda 8. mgr. 4. gr. laganna gildir um þá aðila sem barnaverndarnefnd á í samstarfi við í máli barns.“

Í þriðja lagi leggur Barnaverndarstofa til að nýju ákvæði verði bætt við VII. kafla barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um aðrar ráðstafanir barnaverndarnefnda. Eins og 1. mgr. 36.

gr. barnaverndarlaga er orðuð í nágildandi lögu getur Barnaverndarstofa tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji maður sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Barnaverndarstofa hefur hins vegar engin úrræði samkvæmt barnaverndarlögum til þess að fá vitneskju um það hvar þeir einstaklingar, sem ætla má að veruleg hætta geti stafað af, dveljast og hefur því í raun ekki möguleika til þess að upplýsa barnaverndarnefndir um að slíkir einstaklingar hafi flutt í umdæmi þeirra. Telur Barnaverndarstofa því rétt að stofan fái upplýsingar um það frá ríkissaksóknara án tafar þegar fallið hefur dómur þar sem einstaklingur hefur gerst sekur um kynferðisbrot gegn einstaklingi undir 18 ára aldri. Leiði athugun Barnaverndarstofu á dómnum til þess að líkur séu á því að veruleg hætta kunni að stafa af viðkomandi einstaklingi getur stofan látið framkvæma sérstakt áhættumat á meðan afplánun stendur í þeim tilgangi að meta hvort svo sé. Ef niðurstaða áhættumats bendir til þess að veruleg hætta kunni að stafa af viðkomandi einstaklingi verði Barnaverndarstofu gert viðvart þegar afplánun lýkur og fái jafnframt upplýsingar um dvalarstað einstaklingsins auk þess sem tilkynna þurfi stofunni ef breytingar verða á dvalarstað. Með þeim hætti hefur Barnaverndarstofa möguleika á því að láta barnaverndarnefnd vita ef maður sem ætla má að veruleg hætta stafi af flytji í umdæmi hennar, líkt og ákvæði 36. gr. barnaverndarlaga gerir ráð fyrir eins og það hljóðar í dag. Barnaverndarstofa leggur því til að 1. mgr. 36. gr. verði orðuð með eftirfarandi hætti:

„Barnaverndarstofa á rétt til upplýsinga úr sakaskrá um menn sem hlotið hafa refsíðmál fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ríkissaksóknari skal láta stofunni í té afrit dóma, þegar sákfelld er fyrir brot sem beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri; um leið og dómur hefur fallið.“

Einnig leggur Barnaverndarstofa til að eftirfarandi ákvæði verði bætt fyrir aftan 36. gr. laganna, sem verði 36. gr. a:

„Fangelsismálastofnun veitir Barnaverndarstofu upplýsingar um upphaf afplánunar í þeim tilvikum sem brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hefur beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Í þeim tilvikum sem grunur leikur á um að veruleg hætta kunni af stafa af viðkomandi einstaklingi hefur Barnaverndarstofa heimild til þess að láta framkvæma áhættumat á viðkomandi á meðan afplánun stendur.“

Bendi niðurstöður áhættumats til þess að veruleg hætta sé talin stafa af viðkomandi einstaklingi veitir Fangelsismálastofnun Barnaverndarstofu jafnframt upplýsingar um lok afplánunar, skilyrði sem sett eru fyrir reynslulausn og fyrirhugaðan dvalarstað einstaklings að afplánun lokinni. Í slíkum tilvikum er viðkomandi einstaklingi jafnframt skylt að tilkynna breyttan dvalarstað til Barnaverndarstofu án tafar.

Stofan getur tilkynnt viðkomandi barnaverndarnefnd flytji einstaklingur sem veruleg hætta er talin stafa af í umdæmi hennar. Ef rík barnaverndarsjónarmið mæla með getur barnaverndarnefnd gert öðrum viðvart, að fengnu samþykki Barnaverndarstofu.“

Telur Barnaverndarstofa að með framangreindum breytingum verði stofunni gert kleift að rækja skyldur sínar sem nú er kveðið á um í 36 gr. laganna með því að geta gert barnaverndarnefndum viðvart þegar einstaklingar sem veruleg hætta kann að stafa af flytja í umdæmi þeirra.

Í fjórða lagi telur Barnaverndarstofa rétt að vekja athygli á að öðru hverju koma upp mál þar sem barn hefur látist með vofeiglegum hætti eða grunur leikur á um að barn hafi verið beitt ofbeldi sem er það alvarlegt að lífi þess hefur verið stefnt í alvarlega hættu. Barnaverndarstofa telur nauðsynlegt að koma á þverfaglegu teymi til þess að fara yfir slík mál í þeim tilgangi að kanna með hvaða hætti barnaverndarnefndir, lögreglu- og ákærvald og heilbrigðisyfirvöld brugðust við hverju sinni. Kerfisbundin yfirferð yfir slík mál hefði í för með sér að til yrði mikil þekking á því hvernig bregðast þyrfti við þegar slík mál koma upp. Einnig gæti slíkt sérfræðiteymi verið til ráðgjafar um vinnubrögð þegar mál af þessum toga koma upp. Barnaverndarstofa leggur því til að nýju ákvæði verði bætt við XVII. kafla barnaverndarlaga sem 93. gr. a og að það verði svohljóðandi:

„Á vegum Barnaverndarstofu skal vera starfandi þverfagleg samráðsnefnd um voveifleg dauðsföll barna. Lögreglu og barnaverndarnefndum er skylt að gera nefndinni viðvart þegar upp koma mál þar sem barn hefur látist með voveiflegum hætti eða lífi barns hefur verið stefnt í alvarlega hættu, m.a. vegna alvarlegrar vanrækslu og/eða ofbeldis.

Nefndin hefur það hlutverk að efla forvarnir í málum sem varða voveiflega atburði með því að fara annars vegar yfir aðdraganda slíkra mála og hins vegar málsmeðferð hlutaðeigandi stofnana í þeim tilgangi að draga megi af þeim lærdóm. Nefndin hefur einnig það hlutverk að efla fagleg vinnubrögð í slíkum málum með því að leggja mat á viðbrögð þeirra stofnana sem koma að slíkum málum hverju sinni. Einnig geta heilbrigðis-, lögreglu- og barnaverndaryfirvöld leitað eftir ráðgjöf frá nefndinni þegar upp koma mál sem heyra undir starfssvið hennar.

Auk Barnaverndarstofu skulu embætti landlæknis, barnadeild Landspítalans, embætti ríkislögreglustjóra, lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, embætti ríkissaksóknara og barnaverndarnefnd Reykjavíkur hver um sig tilnefnda einn fulltrúa í nefndina.

Starfshópurinn getur óskað eftir aðstoð sérfræðinga við athugun einstakra mála ef hann telur nauðsynlegt. Þeim, sem komið hafa að málum sem nefndin hefur tekið til skoðunar, er skylt að veita nefndinni allar upplýsingar og gögn sem hún telur nauðsynlegt að afla við athugun mála hverju sinni.“

Í fimmta lagi telur Barnaverndarstofa rétt að vekja athygli Alþingis á því að á undanförunum árum hafa öðru hverju komið upp umfjöllun í fjölmiðlum sem varða mál barna, sem annað hvort hafa verið til meðferðar hjá barnaverndarnefndum og/eða réttarvörslukerfinu þar sem umfjöllun hefur verið með þeim hætti að réttur umræddra barna til friðhelgis einkalífs hefur ekki verið virtur. Nýlega samþykkti Evrópuráðið nýjar leiðbeiningar sem varða réttindi barna í réttarvörslukerfinu. Í þeim leiðbeiningum er lögð áhersla á það að gætt sé að rétti barna sem koma að málum bæði hjá réttarvörslukerfinu og barnaverndaryfirvöldum, hvort sem þau eru gerendur, þolendur eða vitni, til friðhelgi einkalífs. Í leiðbeiningunum skuldbinda aðildarríki sig til þess að tryggja með löggjöf eða reglum gagnvart fjölmiðlum að þessi stjórnarskrárvarði réttur barna sé virtur. Þannig á að tryggja að ekki séu birtar myndir af eða upplýsingar um barn þar sem unnt er að auðkenna það, hvort sem um er að ræða beinar upplýsingar, s.s. nafn eða heimilisfang, eða óbeinar upplýsingar, s.s. nákvæmar lýsingar á barni, fjölskyldu eða aðstæðum sem auðkennir viðkomandi barn. Í ljósi þess að Ísland er meðal þeirra ríkja sem eru skuldbundin við að fylgja umræddum leiðbeiningum leggur Barnaverndarstofa til að nýju ákvæði verði bætt við XVII. kafla barnaverndarlaga sem 93. gr. b og að það verði svohljóðandi:

„Nafn- og/eða myndbirtingar af börnum eða ungmennum sem eiga mál til meðferðar hjá barnaverndarnefndum eða í réttarvörslukerfinu eru óheimilar. Með sama hætti er óheimilt að birta opinberlega aðrar upplýsingar sem geta auðkennt börn og ungmenni sem eiga slík mál til meðferðar.“

Barnaverndarstofa telur rétt að taka fram að framangreindri tillögu er ekki ætlað að koma í veg fyrir almenna umfjöllun um mál sem til meðferðar eru hjá barnaverndaryfirvöldum eða réttarvörslukerfinu, s.s. lögreglu eða ákærvaldi, eða umfjöllun um einstaka mál, enda ekkert í tillögunni sem kemur í veg fyrir slíka umfjöllun. Markmiðið með henni er fyrst og fremst að vernda þau börn sem fjallað er um hverju sinni. Í þessu tilliti er nauðsynlegt að líta til þess að börn eiga rétt á að einkalíf þeirra sé verndað eins og kostur og hætt er við því að börn fái á sig stimpil fyrir lífstíð ef viðkvæmar persónuupplýsingar um þau eru birtar opinberlega. Sem dæmi má nefna að í þeim tilvikum sem um er að ræða grun um að ungmenni hafi hegðað sér með saknæmum hætti er mikilvægt að þau fái tækifæri til þess að taka á sínum málum og gerast gegnir þjóðfélagsþegnar án þess að eiga það sífellt yfir höfði sér dregnar verði fram gamlar fréttir af þeirra málum, þar sem fram kemur, eða ráða má af þeim, hvaða aðili átti í hlut. Barnaverndarstofa áréttar einnig að ákvæðinu er ekki ætlað að skerða tjáningarfrelsi barna og ungmenna, og eiga þau eftir sem áður að tekið þá ákvörðun að stíga fram og ræða um sín mál, ef þau kjósa. Þó þarf í slíkum tilvikum að taka fullt tillit til aldurs og þroska

viðkomandi einstaklings.

III.

Barnaverndarstofa er fús til að veita félagsmálanefnd Alþingis allar nánari upplýsingar og skýringar verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði óskað eftir því.

Virðingarfyllst
f.h. Barnaverndarstofu

Bragi Guðbrandsson

Bragi Guðbrandsson
forstjóri Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir

Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur Barnaverndarstofu

Frið Barnaverndarstofu
17. maí 2011

Alþingi
Erindi nr. P 138/2537
komudagur 17.5.2011

Vísað er til minnisblaðs Barnaverndarstofu, dags. 13.04.2011 vegna flutnings verkefna frá sveitarfélögum til ríkis er varðar rekstur stofnana fyrir börn.

Barnaverndarstofa telur rétt að útfærsla á daggjöldum verði með þeim hætti að þau verði lögð á allar stofnanavistanir óháð því hvers eðlis þær eru. Við það verði miðað að raunveruleg útgjöld sveitarfélaga annars vegar og ríkisins hins vegar verði sem næst því sem verið hefur. Sé litið til heildarkostnaðar vegna reksturs allra stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga óháð núverandi verkaskiptingu, sbr. 79. gr. og 84. gr. bvl., má sjá að kostnaðarhlutfall sveitarfélaga nemur um 23% og ríkisins 77%. Barnaverndarstofa telur rétt að útfærsla daggjalda verði því með þeim hætti að þau taki mið af þessu hlutfalli ásamt raunverulegum rekstarkostnaði ólíkra úrræða sem sveitarfélögum stendur til boða.

Meðfylgjandi er uppfært yfirlit yfir hversu há gjöld innheimta þyrfti hjá sveitarfélögum vegna úrræða samkvæmt breyttri 79. gr. barnaverndarlaga miðað við áætlaðan rekstarkostnað yfirstandandi árs. Gert er ráð fyrir fjórum gjaldflokkum sem endurspeglu ólík úrræði sem standa til boða á vegum Barnaverndarstofu. Almennt þykir rétt að miða við 75% nýtingahlutfall og að innheimt yrði gjald sem næmi um 23% af heildarkostnaði pr. rými eins og fyrr segir.

Miðað við þessar forsendur næmi t.d. gjald fyrir vistun á Stuðlum tæplega 14.000 á dag pr. rými en í því felst að sveitarfélög þyrftu að jafnaði að greiða um 780 þús kr. fyrir hverja meðferð/greiningu en meðallengd meðferðar á Stuðlum eru 8 vikur. Kostnaður vegna langtímameðferðar og vistheimila miðað við þær upplýsingar sem nú liggja fyrir yrði svipaður pr. rými á dag og á Stuðlum, en í eftirmeðferð/sambýlum yrði gjaldið um 5.800 á dag, en gjald fyrir MST fjölkerfameðferð yrði kr. 3.200 pr. rými á dag.



BARNAVERNDARSTOFA

13.04.2011

„Minnisblað Barnaverndarstofu vegna flutnings verkefna frá sveitarfélögum til ríkis“.

Líkt og fram kemur í umsögn Barnaverndarstofu, dags. 7. júní 2010, um tillögur í frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum varðandi breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hvað varðar vistun barna utan heimilis á stofnunum þá er það mat Barnaverndarstofu telur að það sé til bóta að fela ríkinu rekstur slíkra stofnana. Reynsla undanfarinna ára og áratuga hefur sýnt að eingöngu stærstu sveitarfélögin hafa burði til þess að reka slíkar stofnanir og er það eingöngu Reykjavíkurborg sem hefur byggt upp stofnanir fyrir móttöku barna í bráðatilvikum þar sem starfa sérfræðingar í málefnum barna. Átta aðrar barnaverndarnefndir hafa fengið leyfi hjá Barnaverndarstofu til þess að fela einkaheimilum að taka við börnum í bráðatilvikum. Um er að ræða barnaverndarnefnd Kópavogs, barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar, barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar, barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum, barnaverndarnefnd Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar (Útey), barnaverndarnefnd Eyjafjarðar, félagsmálaráð Hornafjarðar, félagsmálanefnd Árborgar og félagsmála- og barnaverndarnefnd Þingeyinga. Barnaverndarstofa telur ástæðu til þess að leggja áherslu á að á engum framangreindra heimila eru sérfræðingar í málefnum barna heldur er fyrst og fremst um að ræða venjulegar fjölskyldur sem eru reiðubúnar að taka við börnum í slíkum tilvikum. Það er því eingöngu um þriðjungur barnaverndarnefnda sem hafa reiðubúin úrræði til þess að taka við börnum í bráðatilvikum og þurfa því að finna slík heimili í hvert skipti sem upp koma mál þar sem vista þarf börn í bráðatilvikum.

Alls bárust Barnaverndarstofu 74 umsóknir frá barnaverndarnefndum um leyfi samkvæmt 84. gr. barnaverndarlaga árið 2010. Eru þær umsóknir vegna vistunar barna í skamman tíma, þ.e. í allt að þrjá mánuði á einkaheimilum sem ekki hafa fengið leyfi til þess að vista börn á grundvelli barnaverndarlaga. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að í mörgum tilvikum hafi verið fullnægjandi að vista börnin á einkaheimilum þá fær Barnaverndarstofa árlega nokkurn fjölda símtöl frá starfsmönnum barnaverndarnefnda vegna mála þar sem talin er þörf á að vista barn þar sem til staðar eru fagmenn. Í þeim málum eru ástæður vistunar margþættar, t.d. gæti verið um að ræða grun um alvarlega vanrækslu, áhyggjur af því að foreldrar geti ekki tryggt öryggi barns eða grun um að barn hafi verið beitt líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Málin eiga það hins vegar sameiginlegt að þörf er á því að sérfræðingar fylgist með barninu og meti líðan þess í þeim tilgangi að leggja mat á hvaða aðstoð og stuðning barnið og fjölskyldan þarf. Einnig kunna upplýsingar, sem þessir sérfræðingar afla, að skipta sköpum fyrir framhald málsins, bæði hjá barnaverndarnefnd og lögreglu, ef málið er þess eðlis að aðkoma hennar telst nauðsynleg. Eðli málsins samkvæmt eru þessi mál flest af suðvesturhorni landsins, þar sem flestir landsmenn búa, en þó koma árlega upp mál utan höfuðborgarsvæðisins þar sem þörf er á slíkri vistun. Hafa börn utan Reykjavíkur hingað til ekki fengið sambærilega þjónustu og börn í Reykjavík þar sem eingöngu Reykjavíkurborg hefur yfir slíku heimili að ráða. Er því langt frá því að börn hér á landi sitji við sama borð hvað varðar þjónustu að þessu leyti, sem telja verður bagalegt og ekki í samræmi við 1. mgr. 65. gr. eða 1. og 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Hvað varðar þörf fyrir slík úrræði þá hefur það verið mat Barnaverndarstofu, þegar litið er til mikillar nýtingar á Vistheimili barna í Reykjavík, að þörf sé á a.m.k. einu sambærilegu heimili

þar sem væru um það bil 6-8 rými. Fær Barnaverndarstofa ekki séð að rekstrarlegur grundvöllur sé fyrir slíku heimili utan höfuðborgarsvæðisins. Myndi slíkt heimili nýtast þeim hópi barna sem nú eru vistuð utan heimilis skv. 84. gr. Að auki gæti slíkt heimili nýst í þeim tilvikum þar sem vista þarf ung börn (á aldrinum 10-12 ára) utan heimilis í bráðatilvikum vegna alvarlegs hegðunarvanda, en ekki hefur þótt forsvaranlegt að vista þau börn á neyðarvist Stuðla, þar sem almennt eru eldri börn og því ekki forsvaranlegt að vista yngri börnin með þeim hópi.

II.

Hvað varðar hugmyndir um teymi ráðgjafa sem gæti ráðlagt nefndum og einkaheimilum vegna barna, sem vista þarf utan heimilis í bráðatilvikum, þá er ljóst að slíkt teymi væri nokkuð dýrt, enda krefðist það þess að greiða þyrfti 3-4 sérfræðingum fyrir slíka vinnu. Telur stofan ekki að rekstargrundvöllur sé fyrir slíku teymi einu og sér þar sem sú þjónusta væri ávallt takmörkuð. Að auki væri það ávallt hluti af starfi slíks teymis að meta í hvaða tilvikum nauðsynlegt er að vista barnið á sérhæfðri stofnun líkt og Vistheimili barna er, enda ljóst af þeim málum sem stofan hefur komið að að nokkur þörf er á slíkri vistun. Fær stofan því ekki séð að slíkt teymi myndi leysa þann vanda sem nú er uppi vegna mismunandi aðgengis barna að þjónustu eftir búsetu. Það er hins vegar mat Barnaverndarstofu að ef komið á fót heimili til þess að taka við börnum í bráðatilvikum þá geti starfsfólk slíks heimilis jafnframt sinnt ráðgjafarhlutverki til barnaverndarnefnda og eftir atvikum komið að málum þar sem börn eru vistuð á einkaheimilum á vegum barnaverndarnefnda, bæði með ráðgjöf í gegnum síma og í undantekningartilvikum með því að koma á staðinn til þess að meta ástand barnsins, m.a. m.t.t. þess hvort nauðsynlegt sé að vista barnið á þar til gerðri stofnun.

II.

Eins og fram kemur áður nefndri umsögn Barnaverndarstofu vegna frumvarpsins þá er það eindregin afstaða stofunnar að tryggja þurfi stofunni nauðsynlegt fjármagn til þess að byggja upp umræddar stofnanir fyrir barnaverndarnefndir. Hefur stuðningur Barnaverndarstofu með breyttri verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að þessu leyti því verið háður því að stofan fái nauðsynlegt fjármagn til þess að geta sinnt þeirri skyldu að tiltæk séu úrræði til þess að taka við börnum samkvæmt breyttri 79. gr. barnaverndarlaga.

Á vormánuðum 2010 tók Barnaverndarstofa saman gróft yfirlit yfir hversu há gjöld innheimta þyrfti vegna úrræða samkvæmt breyttri 79. gr. barnaverndarlaga og leiddi sú athugun í ljós að daggjald fyrir úrræði á borð við Vistheimili barna myndi nema um það bil 40 þúsund kr. á dag. Mánaðargjald fyrir rými á slíkri stofnun myndi því kosta barnaverndarnefnd um 1,2 milljón kr. á mánuði miðað við verðlag á árinu 2010 (sjá nánar fylgiskjal 1). Telur Barnaverndarstofa því að sú leið, sem lögð er til í frumvarpinu, sé ekki framkvæmanleg. Barnaverndarstofa er í sjálfu sér ekki mótfallin því að barnaverndarnefndum verði gert að greiða fyrir þau úrræði á vegum stofunnar sem nefndirnar nýta sér. Hefur það hins vegar verið mat stofunnar að til þess að slíkt sé gerlegt verði fjárhæðirnar að vera mjög hóflegar, líkt og nú er innheimt vegna meðferðarviðtala í Barnahúsi. Annars skapast annars vegar sú áhætta að nefndirnar nýti sér ekki úrræðin og hins vegar sú hætta að nefndirnar greiði stofunni ekki fyrir þjónustuna, en bæði tilvikin hefðu þær afleiðingar að stofan færi langt fram úr fjárlögum á hverju ári.


III.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða Barnaverndarstofu annars vegar að staðan á úrræðum fyrir börn sem þurfa vistun í bráðatilfellum sé ekki forsvaranleg og að börn utan Reykjavíkur fái ekki þá sérfræðipjónustu sem ákvæði barnaverndarlaga gera ráð fyrir. Því sé brýnt að flytja bráðavistun barna á stofnunum frá sveitarfélögum til ríkis. Hins vegar er það niðurstaða Barnaverndarstofu að ríkið þurfi að leggja til fjármuni til þess að unnt sé að byggja þjónustuna upp og tryggja jafnan aðgang barna að sérfræðipjónustu utan heimilis í bráðatilvikum.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Bragi Guðbrandsson
forstjóri



Heiða Björg Pálmadóttir
lögfræðingur

	Kostn. á ári	rými	rými á ári	rými á dag	gjald m.v. 100% nýtingu	gjald m.v. 75% nýtingu	Áætlaðar árstekjur
Stuðlar	199.000.000	12	16.583.333	45.434	10.326	13.940	45.834.433
Langtímameðferð og vistheimili	461.436.000	28	16.479.857	45.150	10.261	13.853	106.279.686
Eftirmeðferðarheimili og sambýli	27.357.000	4	6.839.250	18.738	4.259	5.749	6.300.968
MST	120.000.000	32	3.750.000	10.274	2.335	3.152	27.638.854
	<u>807.793.000</u>						186.053.942

	Kostn. á ári	rými	rými á ári	rými á dag
Geldingalækur	105.000.000	6	17.500.000	47.945
Háholt	96.000.000	5	19.200.000	52.603
Laugaland	91.000.000	7	13.000.000	35.616
	<u>292.000.000</u>	<u>18</u>		
Hraunberg	60.518.000	3	20.172.667	55.268
Laugarásvegur	108.918.000	7	15.559.714	42.629
	<u>169.436.000</u>	<u>10</u>		
Ásvallagata	27.357.000	4	6.839.250	18.738



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/273
komudagur 17. 11. 2010

Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Reykholti, 10. nóvember 2010
1011003 SHJ

Efni: Frumvarp til barnaverndarlaga, 56. mál

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 28. október 2010 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Frumvarp til barnaverndarlaga, 56. mál.
Byggðaráð samþykkir samhljóða að óska eftir umsögn embættis félagsmálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps um fyrirbyggjandi frumvarp.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 4 nóvember 2010.

Virðingarfyllt,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Dalabyggð

Miðbraut 11 · 370 Búðardal
Sími 430 4700
Bréfasími 434 1212

Alþingi

Erindi nr. P 139/1442

komudagur 23.2.2011

Alþingi
félags- og tryggingarmálanefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Búðardal, 21. febrúar 2011
1102036 SP


Efni: Breyting á barnaverndarlögum

Á fundi byggðarráðs Dalabyggðar þann 8. febrúar sl. var eftirfarandi bókað:

Byggðarráð Dalabyggðar leggst eindregið gegn áformum sem fram koma í 3. mgr. 40. gr. frumvarps um breytingu á barnaverndarlögum þar sem kveðið er á um hver eigi að bera kostað vegna skólagöngu barna sem eru í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags. Byggðarráð telur að breytingarnar geti orðið mjög íþyngjandi fyrir mörg landsbyggðarsveitarfélög sem þegar eiga í fullu fangi með að reka skóla fyrir íbúa sveitarfélagsins hvað þá að við bætist kostnaður vegna skólagöngu íbúa annarra sveitarfélaga.

Svetiastjórn staðfesti bókun byggðarráðs á fundi þann 15. febrúar sl.

Virðingarfyllst,


SVEITARSTJÓRN
DALABYGGÐAR
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri

Afrit (með tölvupósti):

Alþingismenn Norðvesturkjördæmis

19. janúar 2011

Alþingi
Erindi nr. P 139/1159
komudagur 19.1.2011

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis

Dómarafélag Íslands sendi umsögn um frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum, með bréfi til nefndasviðs Alþingis dagsettu 25. maí 2010 og hefur ekki aðrar athugasemdir fram að færa við frumvarpið en þar koma fram.

Virðingarfyllst,
f.h. Dómarafélags Íslands
Ingveldur Einarsdóttir.

Reykjavík, 25. maí 2010.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

121 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 14. maí sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og telur félagið margt það sem fram kemur í frumvarpi þessu horfa til mikilla bóta í barnaverndarstarfi.

Einu athugasemdir félagsins eru við ákvæði 24. gr. frumvarpsins, 25. gr. og 29. gr. þess.

Í 24. gr. frumvarpsins segir að mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skuli sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Eins og fram kemur í athugasemdum með ákvæði þessu, hafa mál þessi í allmörgum tilvikum verið rekin samkvæmt ákvæðum XIX. kafla einkamálalaga, en það er þó háð mati dómara hvort skilyrði til flýtimeðferðar séu uppfyllt. Telur Dómarafélag Íslands ekki bera nauðsyn til þess að breyta þeirri framkvæmd, að dómari eigi mat á því hvort þörf sé flýtimeðferðar, enda eru mál sem rekin eru samkvæmt ákvæði þessu ólík innbyrðis, eins og öll önnur mál.

Í 25. gr. frumvarpsins segir að í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þ.e. þegar krafist er forsjárviptingar með dómi, skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Í ljósi þess sem að ofan greinir, að mál þessi eru afar ólík innbyrðis, og í sumum tilvikum liggur ljóst fyrir af gögnum málsins að ekki sé þörf sérfræðipekkingar til að leysa úr máli, telur DÍ ekki bera nauðsyn til að ávallt skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Félagið telur að það skuli, eftir sem áður vera háð mati dómara hvort þörf sé á sérfróðum meðdómsmönnum.

Í 29. gr. frumvarpsins er ákvæði um tímafresti vegna þinghalda og fresta, sem veittir eru til gagnaöflunar. Dómarafélagið telur ekki þörf á að gera breytingar á ákvæðum 63. gr. laganna, þar sem frestir sem veittir hafa verið, hafa verið stuttir og mál þessi unnin með eins miklum málshraða og frekast hefur verið unnt.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands,

Ingveldur Einarsson
Ingveldur Einarsson, formaður.



Alþingi
Erindi nr. P 139/146
komudagur 8.11.2010

DÓMSTÓLARÁÐ

Nefndarsvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 4. nóvember 2010.

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, 56. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að mál samkvæmt X. kafla laganna sæti flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála. Í 3. mgr. 54. laganna er að finna sérákvæði þess efnis að hraða beri meðferð máls svo sem kostur er. Mál af þessu tagi hafa ávallt sætt skjótri meðferð. Verður því ekki séð að það þjóni tilgangi að lögfest verði sérákvæði um flýtimeðferð með vísan XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Þá er sú tillaga gerð í 26. gr. frumvarpsins að 1. mgr. 54. gr. orðist svo að í málum samkvæmt ákvæðum kaflans að skylt sé að kveða til sérfróða meðdómsmenn til setu í dómi nema útivist hafi orðið af hálfu aðila eða mál vísað frá vegna augljósra annmarka. Mál þessi eru af ýmsu tagi og almennt hefur mikil gagnaöflun farið fram í þeim. Embættisdómari er fullfær um að leggja mat á hvort þörf er sérfróðra meðdómenda eður ei. Í gildandi lögum er almenna reglan sú að kveðja skuli sérfróða meðdómendur til setu í dómi. Mál geta hins vegar verið þannig vaxin að þess gerist ekki þörf. Er því að mati dómstólaráðs ekki ástæða til að lögfest verði ákvæði um að skylt sé að kveðja til sérfróða meðdómendur til setu í dómi í þessum málum.

Þá er vert að vekja athygli á því að mál þessi lúta ekki venjulegri málsforræðisreglu einkamála. Ber dómara því að tryggja að nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir í máli hverju sinni, sem taka mið af hagsmunum þeirra barna er í hlut eiga. Áhrif útivistar eru því ekki þau sömu og endranær. Að gera greinarmun á því hvort kalla eigi til sérfróða meðdómendur miðað við hvort útivist verði í máli af hálfu aðila máls fær að mati ráðsins ekki staðist.

fh dómstólaráðs


Simon Sigvaldason
formaður

Reykjavík 21. febrúar 2011

Umsögn um frumvarp til barnaverndarlaga, ~~557.~~^{56.} mál

Stjórn fagdeildar félagsráðgjafa á skóla- og fræðslusviði (FFS) gerir eftirfarandi athugasemdir:

Í 10.gr. frumvarpsins, þar sem fjallað er um breytingar sem verða á 21. gr. Laganna viljum við bæta við:

- g. Liður. Barnaverndarnefnd ber að láta leikskóla/skóla vita þegar máli barns er lokað hjá nefndinni.

Rökin eru þau að dæmi eru um að starfsfólk skóla/leikskóla sé í góðri trú um að mál barns sé undir eftirliti og í gangi hjá barnaverndarnefnd jafnvel löngu eftir að því hefur verið lokað.

Í 11.gr.frumvarpsins, c-lið en þar er fjallað um hvað breytingar eigi að gera á 23.gr. laganna viljum við orða svo:

- c-liður. Barnaverndarnefnd skal ætíð vera í samstarfi við þá sem vinna með viðkomandi barn og nefndir eru í 2.mgr. 17.gr. Leggja ber áherslu á að afla samþykkis foreldra til að samstarfi verði komið á.

Rökin eru þau að kennari barnsins og/eða skólafélagsráðgjafi eru oft í nánú sambandi við barn og geta gert skýra grein fyrir liðan þess og þörfum. Samstarf þessara aðila verður því að teljast þjóna hagsmunum barns.

Í 13.gr. frumvarpsins er rætt um breytingar sem gerðar verði á 26.gr. laganna. Þar er talað um í a-lið að heimilt verði þeim aðilum sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir eru í 2.mg.17gr. og 18.gr. í té upplýsingar um liðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt fyrir hagsmuni barns.

- Þetta þyrfti að vera á báða bóga, þ.e. að ofangreindum aðilum verði heimilt að gefa starfsmönnum nefndarinnar samsvarandi upplýsingar þegar það þjónar hagsmunum barns.

Við viljum lýsa ánægju okkar með þá viðleitni sem virðist vera í frumvarpinu í þá átt að efla samstarfið á milli barnaverndarstarfsmanna og þeirra sem daglega vinna með barninu, með hagsmuni þess að leiðarljósi.

Fyrir hönd stjórnar félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði FFS

Guðrún E. Arinbjarnard.

Guðrún Elva Arinbjarnardóttir formaður FFS

Reykjavík 21.02.2011

Alþingi

Erindi nr. P 139/1438

komudagur 21.2.2011

Skólafélagsráðgjöf

Félagsráðgjöf á fræðslu- og skólasviði er eitt af sérsviðum félagsráðgjafar. Á Íslandi starfa um 15 félagsráðgjafar í skólum, bæði á grunn- og framhaldsskólstigi og stundum á háskólastigi.

Víða erlendis tíðkast að starfandi sé félagsráðgjafi innan skóla ásamt náms- og starfsráðgjafa, og sinna þeir þá hvor sínu starfssviði en vinna sameiginlega að velferð nemenda. Hér á Íslandi hefur tíðkast að þessum tveim starfssviðum sé blandað saman þannig að náms- og starfsráðgjafar í skólum sinna oft félagslegri ráðgjöf ásamt sínu starfi, og félagsráðgjafar sinna náms- og starfsráðgjöf auk félagsráðgjafarinnar. Fagdeild félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði hefur bent á að í reglugerð um sérfræðipjónustu skóla eru félagsráðgjafar ekki nefndir sem fagaðilar innan skólanna. Þó er markmið reglugerðarinnar mjög í anda félagsráðgjafarhugsjónar. Í Setbergsskóla í Hafnarfirði starfa báðar fagstéttir innan skólans og hefur það gefið góða raun. Í nokkrum framhaldsskólum er þessi háttur einnig hafður á. Fagdeild félagsráðgjafa á fræðslu- og skólasviði heldur áfram að vinna þessu máli fylgi í menntakerfinu og í ráðuneytinu.

Það sem aðgreinir félagsráðgjafa sem starfar innan skóla frá öðrum starfsmönnum hans er að félagsráðgjafi vinnur ávallt út frá heildarsýn og er tengiliður skólans við fjölskyldu og samfélag, aðrar þjónustustofnanir og stefnumótunaraðila. Það felur í sér að litið er til félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta svo og umhverfis- og námsþátta þegar mál eru skoðuð og um þau fjaliað. Félagráðgjafi hefur sérþekkingu umfram aðrar starfsstéttir á barnaverndarlögum og úrræðum samfélagsins.

Heistu verkefni innan skólanna eru:

- **Félagsleg og persónuleg ráðgjöf og stuðningur.** Í því felst að veita nemendum stuðning og aðstoð vegna félagslegra, persónulegra og tilfinningalegra þátta sem koma í veg fyrir að nemandi njóti sín í námi og félagslegum samskiptum. Einnig veitir félagsráðgjafi ráðgjöf varðandi ýmis réttindamál sem varða nemendur og gætir þess að ekki sé brotið á hagsmunum þeirra og réttindum.
- **Forvarnir gegn ofbeldi og andfélagslegri hegðun.** Félagráðgjafi vinnur að forvörnum gegn ofbeldi. Þar má nefna einelti sem er yfirleitt fyrirferðarmesti vandinn, en einnig líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi. Það gerir hann með fræðslu, könnunum, greiningu og úrvinnslu á ofbeldismálum. Hann veitir jafnframt þeim nemendum stuðning og fræðslu sem hafa orðið þolendur ofbeldis eða áfalla ásamt því að greina andfélagslega hegðun nemenda og

nemendahópa. Hann leitast við að koma í veg fyrir slíka hegðun í samvinnu við aðra starfsmenn skólans.

- **Samvinna, ráðgjöf og stuðningur við kennara og starfsfólk.** Kennarar leita gjarnan til félagsráðgjafa varðandi málefni nemenda og aðstæður á vinnustað. Slík mál eru yfirleitt til komin vegna þess að kennari hefur áhyggjur af líðan, hegðun eða heimilisaðstæðum nemenda. Einnig geta kennarar orðið fyrir ýmsum áföllum innan skólanna, t.d. ofbeldi af hálfu nemenda, foreldra eða samstarfsfélaga. Stundum er um skipulagða handleiðsiu að ræða, en hún er nær eingöngu veitt af félagsráðgjöfum með réttindi eða þjálfun í handleiðslufræðum.
- **Samvinna, ráðgjöf og stuðningur við foreldra og forráðamenn.** Foreldrar nemenda leita iðulega til félagsráðgjafa með áhyggjur af börnum sínum og tilfinningalegri líðan þeirra, m.a. vegna eineltis. Það er oft vegna þess að þeim finnst börn þeirra fá ekki þjónustu við hæfi og óska eftir leiðbeiningum og aðstoð í því efni.
- **Þróun úrræða og verkefna.** Félagsráðgjafi þarf að vera sveigjanlegur í starfi sínu. Starf hans breytist gjarnan eftir því hvernig aðstæður nemenda breytast í skólanum, en einnig geta aðstæður í samfélaginu kallað á úrræði eða ný verkefni. Sem dæmi má nefna náttúruhamfarir, erfiðar efnahagsaðstæður eða ofbeldisverk í samfélaginu. Félagsráðgjafi er oft með margvíslega hópavinnu í kringum vanda nemenda, svo sem hóp fyrir kvíðafull börn, félagsfærniþjálfun og sjálfsstyrkingarnámskeið.
- **Samstarf við sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málum nemenda.** Félagsráðgjafi í skóla vinnur nánast aldrei í einrúmi. Hann leitast alltaf við að vera í náinni samvinnu við alla þá aðila sem koma að málum nemenda með hagsmunum við nemendurna og trúnað við þá í huga.
- **Teymisvinna, samstarfsfundir og nemendaverndarráð.** Í grunnskólum sitja félagsráðgjafar í nemendaverndarráði svo og í öðrum stuðnings- og forvarnarteymum. Í framhaldsskólum sitja þeir ýmsa samstarfsfundi og taka þátt stýrihópum svo sem HOFF (heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum).

Nauðsynlegt er að allir skólar á grunn- og framhaldsskólastigi hafi á að skipa bæði félagsráðgjafa og náms- og starfsráðgjafa sem starfa hlið við hlið. Félagsráðgjafinn vinnur veigamikil forvarnarstarf. Hann færst við vanda nemenda og fjölskyldna þeirra áður en hann nær að magnast upp og verða jafnvel þjóðfélaginu dýrkeyptur. Þannig stuðlar hann að heilbrigði og velgengni nemenda bæði í nútíð og framtíð.



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. P 139/147
komudagur 8.11.2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg, 04.11.2010

Efni: Umsögn vegna frumvarps til laga.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningshrepps þann 3. nóvember s.l. var lagt fram erindi frá Félags- og tryggingarmálanefnd Alþingis dags. 20. október 2010 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins vegna frumvarps til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr 80/2002, með síðari breytingum.


Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps
SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS



Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

ÍLL MEÐFERÐ Á BÖRNUM SKIPTIST Í:



Miller-Perrin, C.L. & Perrin, R.D., 2007.

Guðbráundur Ární Ísberg, 2009.

ALMENNAR SKILGREININGAR Á OFBELDI:

- **Líkamlegt ofbeldi** – hegðun sem veldur eða getur valdið öðrum sýnilegum líkamlegum skaða (Miller-Perrin, C.L. & Perrin, R.D., 2007).
- **Andlegt ofbeldi** – endurtekið mynstur hegðunar sem gefur börnum til kynna að þau séu óelskuð, einskis virði nema við að uppfylla þarfir annarra, og eigi verulega á hættu að verða fyrir andlegu eða líkamlegu ofbeldi (Hart, Brassard & Karlson, 1996).
- **Kynferðislegt ofbeldi** – Samskipti milli barns og fullorðins þar sem barnið er notað til kynferðislegrar örvunar fyrir geranda. Einnig getur barn undir 18 ára aldri beitt annað barn kynferðislegu ofbeldi þegar aldursmunur er mikill eða þegar eldra barnið hefur vald yfir eða stjórn á yngra barninu (National Center on Child Abuse and Neglect, 1978).

Guðbráundur Ární Ísberg, 2009.

SKILGREININGAR Á VANRÆKSLU:

- Þegar grundvallarþörfum barna er ekki sinnt nægjanlega (Miller-Perrin, C.L. & Perrin, R.D., 2007).
- Þegar skortur er á umönnum eins og heilsugæslu, menntun, handleiðslu, vörn gegn hættu og tilfinningalegum og líkamlegum þörfum er ekki mætt sem skildi (Dubowitz, H. & Bennet, S., 2007).
- Vanræksla er þegar þörfum barns er ekki sinnt nægjanlega þannig að barninu er búin hættu af eða það getur leitt til skaða á þroska þess (Barnaheill - Save the Children).

Guðbrundur Árni Ísberg, 2009.

SAMA HEGÐUN ÞARF EKKI AÐ VERA VANRÆKSLA NEMA:

- Afleiðingarnar fyrir barnið séu alvarlegar, annað hvort hér og nú eða í framtíðinni (Erickson & Egeland, 1996);
- Hún gerist off og/eða reglulega (Claussen & Crittenden, 1991);
- Nær yfir langt tímabil (Dubowitz et al., 1993);
- Menningarsamfélag skilgreini hana svo (Miller-Perrin, C.L. & Perrin, R.D., 2007).

Guðbrundur Árni Ísberg, 2009.

Alþingi
Erindi nr. P 139/148
komudagur 8. 11. 2010

Guðbrandur Árni Ísberg, sálfræðingur
Sálfræðiráðgjöfin, Laugavegi 59
101 Reykjavík, s. 862 7978

Reykjavík, 7. október 2010

Efni: Frumvarp til barnaverndarlaga, 56. mál.

Athugasemdir:

1) 1. mgr. orðast svo:

Öllum er skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn:

- a. búi við óviðunandi uppeldisaðstæður,
- b. verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða

Mér finnst óljóst hvað nákvæmlega er átt við. Í fræðunum er illri meðferð á börnum skipt í annars vegar *ofbeldi* (líkamlegt, andlegt, kynferðislegt) og hins vegar *vanrækslu* (í ýmsum myndum). Fyrir þá sem áhuga hafa er auðvelt að nálgast *skilgreiningar* á netinu um hvað felist nánar í hinum ýmsu tegundum illrar meðferðar. Myndi það, tel ég, hjálpa fólki til að taka afstöðu til hvort eigi að tilkynna og þá hvað eigi að tilkynna og þar með auka líkur á því að fólk tilkynni þegar ástæða er til.

Orðalag yrði að mínu mati skýrara ef það hljóðaði eitthvað á þessa leið:

a. Sæti ofbeldi eða líði vanrækslu sem ógna þroska þess og heilbrigði

Hvað eru „óviðunandi uppeldisaðstæður“. Hver á að dæma um það? Hvar er hægt að leita upplýsinga um hvað felist í þessu orðalagi? Sama gildir um „vanvirðandi háttsemi“.

2) Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:


- a. Í stað orðanna „áreitni eða ofbeldis af hendi annarra“ í 1. mgr. kemur:
ofbeldis eða vanvirðandi háttsemi af hendi annarra

Mér finnst vanræksluþáttinn vanta. Rannsóknir á heimsvísu sýna, að ofbeldi gagnvart börnum fer minnkandi á meðan vanræksla fer vaxandi. Ef tekið er tillit til heilabroska og heilastarfsemi hefur vanræksla síst minni áhrif en ofbeldið. Orðalag yrði að mínu mati skýrara ef það hljóðaði eitthvað á þessa leið:

a. Í stað orðanna „áreitni eða ofbeldis af hendi annarra“ í 1. mgr. kemur: ofbeldis eða vanrækslu af hendi annarra .

Vanræksla er það útbreidd og alvarleg að mér finnst ástæða til fólk sé meðvitað um hana. Ofbeldi er yfirleitt sýnilegra en vanrækslan og því þarf, að mínu mati, að auka sýnileika hennar.

Með vinsemd og virðingu


Guðbrandur Árni Ísberg
sálfræðingur



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/224
komudagur 11.11.2010

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 9. nóvember 2010
Tilv.: 1010025

Erindi: umsagnarbeiðni – frumvarp til barnaverndarlaga, Þskj. 57-56. mál.

Kennaradeild Háskólans á Akureyri fékk til umsagnar frumvarp til barnaverndarlaga; þjšk. 57 – 56. mál. Dr. Sigrún Sveinbjörnsdóttir dósent gerði eftirfarandi umsögn:

Kennaradeild HA gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en fagnar tillögum að breytingum á núgildandi barnaverndarlögum (80/2002) ásamt þeim nýmælum sem þar er að finna.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Háskólans á Akureyri,

Stefán B. Sigurðsson, rektor



Miðstöð foreldra og barna
að fimm ára aldri

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar
150 Reykjavík

Umsögn vinnuhóps frá Miðstöð foreldra og barna ehf (MFB) og Foreldrar meðganga barn (FMB) - teymi Landspítala vegna frumvarps til laga um breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002, mál nr. 56 á 139. löggjafarþingi Alþingis.

Hópurinn leggur til að tenging 30. gr. barnaverndarlaga við lögræðislög verði felld niður enda ekki vitað til þess að kona hafi verið svipt sjálfræði með þeim hætti.

Tillögur hópsins eru í fyrsta lagi breyting á orðalagi á 30. greinar barnaverndarlaga. Í öðru lagi leggur hópurinn til viðbót við núverandi barnaverndarlög sem geri fagfólki kleift að grípa fyrir inn í aðstæður þar sem áhyggjur eru af velferð ófædds barns vegna lifnaðarháttá móður. Þetta er gert með hliðsjón af sóttvarnarlögum þar sem hópurinn telur að velferð barnsins skuli metin jafnmikilvæg og almannaeill.

Núverandi orðalag:

30. gr. Úrræði barnaverndarnefndar vegna þunguðra kvenna.

- Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáradila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.
- Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga í því skyni að koma konunni til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun. Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga.

Tillögur að breytingu orðalags í annarri málsgrein:

- 1) Þar sem stendur: *sviptingu sjálfræðis samkvæmt ákvæðum lögræðislaga* kæmi í staðinn orðið: *þvingunaraðgerðir*.
- 2) Þar sem stendur: *til aðhlyningar og meðferðar á viðeigandi stofnun* kæmi í staðinn orðalagið *til aðhlyningar, rannsókna og viðeigandi meðferðar*.
- 3) Setningin *Um málsmeðferð gilda ákvæði lögræðislaga* verði felld niður.

Orðalag eftir breytingu:

30. gr. Úrræði barnaverndarnefndar vegna þungaðra kvenna.

☐ Ef könnun barnaverndarnefndar leiðir í ljós að þunguð kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu, sbr. 3. mgr. 21. gr., skal nefndin beita úrræðum þessara laga í samráði við hina þunguðu konu, og eftir atvikum gegn vilja hennar í samráði við forsjáradila hennar ef hún hefur ekki náð lögræðisaldri, eftir því sem við getur átt og ætla má að að gagni geti komið.


☐ Ef barnaverndarnefnd telur að úrræði skv. 1. mgr. komi ekki að gagni getur nefndin sett fram kröfu um þvingunaraðgerðir í því skyni að koma konunni til aðhlyningar, rannsókna og viðeigandi meðferðar.

Viðbætur við núverandi lög :

- 1) Ef kona stofnar heilsu eða lífi ófædds barns síns í hættu með líferni sínu er henni skylt að leita aðhlyningar eða viðeigandi meðferðar (sbr. 7 gr. Sóttvarnalaga).
- 2) Ef ekki tekst samstarf við konuna getur barnaverndarnefnd leitað aðstoðar lögregluvalda við að koma konunni til aðhlyningar, rannsókna og viðeigandi meðferðar.
Áður en gripið er til þvingunaraðgerða skal ætíð reynt að leysa mál með öðrum hætti (sbr. 14. gr. sóttvarnalaga).
- 3) Velferðaráðherra skal tryggja að viðeigandi meðferð og stofnanir séu til staðar og aðgengilegar (sbr. 16 gr. Sóttvarnalaga).

Virðingarfyllst

f.h. vinnuhópsins



Anna María Jónsdóttir geðlæknir, MFB og FMB-teymi LSH.

Gunnlaug Thorlacius, félagsráðgjafi geðsviði LSH, FMB-teymi LSH.

María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi geðsviði LSH, FMB-teymi LSH.

Páll Matthíasson geðlæknir, framkvæmdastjóri geðsviði LSH.

Stefanía Arnardóttir hjúkrunarfræðingur, MFB.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1148
komudagur 17.1.2011



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mnrn.stjr.is · menntamálaráðuneyti.is

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefnd
150 Reykjavík

Reykjavík 12. janúar 2011
Tilv.: MMR10100514/3.7-

Félags- og tryggingarmálaráðherra hefur á 139. löggjafarþingi Alþingis mælt fyrir frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum. Í 3. mgr. 40. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingar á 75. gr. gildandi barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um hver eigi að bera kostnað vegna skólagöngu barna sem eru í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags, svohljóðandi:

GILDANDI LÖG	BREYTING, VERÐI FRUMVARPIÐ AÐ LÖGUM
<p data-bbox="486 1168 550 1190">75. gr.</p> <p data-bbox="231 1190 805 1258"><i>Framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri.</i></p> <p data-bbox="231 1258 805 1576">Þegar barni er ráðstafað í fóstur skal ákveða í fóstursamningi hver skuli vera greiðsla með því, fósturlaun og annar kostnaður. Sveitarfélag sem ráðstafar barni greiðir kostnað við fóstur. Jafnframt skal endurgreiða því sveitarfélagi þar sem barn dvelst annan kostnað sem til fellur samkvæmt reglum settum af ráðherra. Um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga vegna umönnunar og þjálfunar skv. 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.</p>	<p data-bbox="1093 1168 1157 1190">75. gr.</p> <p data-bbox="845 1190 1420 1315">Sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur ber ábyrgð á að greiða fósturforeldrum framfærslueyri, fósturlaun og eftir atvikum annan útlagðan kostnað vegna barnsins sem leiðir af ákvæðum laga þessara.</p> <p data-bbox="845 1315 1420 1440">Um fjárhæðir skv. 1. mgr. og skiptingu kostnaðar vegna fósturs á grundvelli 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt reglugerð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 88. gr.</p> <p data-bbox="845 1440 1420 1839">Fósturforeldrar og fósturbarn eiga rétt á allri almennri þjónustu samkvæmt lögum og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði. Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar og ber að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðiþjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.</p>


Af skýringum við 3. mgr. 40. gr. frumvarps félags- og tryggingarmálaráðherra má ráða að ætlunin sé að lögfesta þá túlkun sem fram kemur í álitni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, útg. 9. nóvember 2009, um þann ágreining sem uppi hefur verið milli þeirra sveitarfélaga sem í hlut eiga. Í álitinu kom fram að ákvæði laga um grunnskóla hefðu ekki að geyma bein fyrirmæli um það hvernig


fari með kostnað vegna skólagöngu barns sem ráðstafað hefði verið tímabundið í fóstur í annað sveitarfélag án þess að eiga þar lögheimili. Um kostnað vegna slíkrar ráðstöfunar væri á hinn bóginn fjallað í 75. gr. barnaverndarlaga. Þegar virt væru ummæli í lögskýringargögnum er vörðuðu túlkun ákvæðisins yrðu ekki dregnar víðtækari ályktanir en svo að í kostnaði viðtökusveitarfélagsins fælist allur venjubundinn kostnaður sem hlýst af skólagöngu þessara barna, svo sem kostnaður vegna skóla og aksturs, en ekki kostnaður umfram það eins og kostnaður við sérfræðipjónustu eða vegna annarra sérþarfa. Síðastnefndur kostnaður sé hann fyrir hendi myndi þá falla á það sveitarfélag sem ráðstafaði barni í fóstur sem er sama sveitarfélag og barn á lögheimili í. Af þessu leiddi einnig að gera yrði ráð fyrir því að ef upp kæmi ágreiningur um greiðslu kostnaðar vegna barns sem ráðstafað hefði verið tímabundið í fóstur heyri það undir félags- og tryggingamálaráðuneytið að fjalla um slíkan ágreining, sbr. ennfremur 5. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 3. tölul. A liðar 4. gr. reglugerðar nr. 177/2007 um Stjórnarráð Íslands.

Að íhuguðu máli telur mennta- og menningarmálaráðuneytið að gjalda verði varhug við því að lögfesta þá túlkun sem fram kemur í álitinu. Ráðuneytinu er kunnugt um að djúpstæður ágreiningur er um málið meðal sveitarfélaga, einkum milli fjölmennra sveitarfélaga annars vegar og sveitarfélaga á landsbyggðinni hins vegar. Það eru einkum fyrrnefndu sveitarfélögin sem nýta sér það úrræði að ráðstafa börnum á skólaskyldualdri til tímabundins fósturs til síðarnefndu sveitarfélaganna. Að mati sveitarfélaga á landsbyggðinni felur sú túlkun sem kemur fram í álitinu og lagt er til að staðfest verði í frumvarpinu í sér íþyngjandi skyldur fyrir þessi sveitarfélög og að hagsmunir fósturbarna hafi ekki verið hafðir að leiðarljósi við álitsgjöf mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Þá telja sömu sveitarfélög að breytingin fari gegn þeirri meginreglu að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu að kostnaðarlausu. Að sama skapi hafa fjölmenn sveitarfélög lýst ánægju með álitinu og framangreint frumvarpsákvæði, enda sjá þau fram á stórfelldan sparnað við skólagögnu barna sem ráðstafað er til tímabundins fósturs utan sveitarfélagsins.

Með þessa ólíku hagsmuni sveitarfélaga í huga telur mennta- og menningarmálaráðuneytið að lögfesting 3. mgr. 40. í frumvarpinu kunni að stefna í hættu þeim markmiðum sem fram koma í 3. mgr. 5. gr. grunnskólalaga um skýlausan rétt fósturbarna til skólavistar í lögheimilissveitarfélagi fósturforeldra. Ráðuneytið telur að fjalla þurfi um málið heildstætt, bæði í grunnskólalögum og barnaverndarlögum, í góðri sátt við öll sveitarfélög í landinu.

Fyrir hönd ráðherra


Karitas H. Gunnarsdóttir


Arnór Guðmundsson

Minnisblað vegna fundar í félags- og tryggingamálanefnd Alþingis 3. febrúar 2011

Rannsóknarstofnun og barna og fjölskylduvernd (RBF) fagnar framkomnu frumvarpi til breytinga á barnaverndarlögum. Í frumvarpinu eru mikilvæg ákvæði gerð skýrari og túlkun ákveðinna ákvæða fest í sessi. Þá eru í frumvarpinu ýmis nýmæli sem eru til þess fallin að auka frekar vernd barna og styrkja málsmeðferðina. Í þessu sambandi er ástæða til að nefna sérstaklega eftirfarandi atriði:

- 5. gr. frumvarpsins um stöðu og vernd barna sem koma hingað til lands eða eru hér á landi án forsjáraðila sinna.
- Ákvæði sem tengjast tilkynningaskyldu:
 - sérstaklega ákvæði er varða þungaðar konur
- 26. gr. um skiptan sérfróðra meðdómsmenn
- Ýmis ákvæði sem varða börn í fóstri eins og:
 - 39. gr. um að fósturforeldrar verði aðilar að máli fósturbarnsins þegar fjallað er taka á ákvörðun um umgengni þess við kynforeldra
 - samræma greiðslur til fósturforeldra
 - skýrari reglur um greiðslu skólakostnaðar fósturbarna
- Breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á uppbyggingu úrræða

RBF vill sérstaklega fjalla um þann kafla frumvarpsins sem varðar mat og eftirlit með gæðum, úrræðum og vistun barns utan heimilis.


Sú umræða sem verið hefur um aðstæður barna sem vistast hafa utan heimilis á vegum opinbera aðila, og þær skýrslur sem unnar hafa verið á vegum forsætisráðuneytisins vegna heimila eins og Breiðavíkurheimilisins, Heyrnleysingaskólans, Silungarpolls o.fl. sýna svo ekki verður um villst hversu varnarlaus þessi börn eru. Upplýsingar frá Barnaverndarstofnu og úr ísl. rannsóknnum sýna einnig að barnaverndarstarfsmann hafa í takmörkuðum mæli rætt við börnin sjálf og þau eru afar litlum mæli þátttakendur í ákvörðunum um þau úrræði sem valin eru þeim til stuðnings. Frumvarpið leggur áherslu á að talað sé við börnin í meira mæli en áður og leggur t.d. til að börn í fóstri verði heimsótt a.m.k. tvisvar á ári, sem er aukning frá því sem verið hefur. Engu að síður er mikilvægt að tryggja markvisst eftirlit með aðstæðum og líðan allra barna sem vistast utan heimilis. Það er líka mikilvægt að þetta eftirlit verði með líðan barnanna og umönnun þeirra, hvort þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á, svo sem skólagöngu og með úrræðinu sjálfu eins og hvort sé fyrirbyggjandi verkferlum o.fl. Nauðsynlegt er að eftirlitið fari fram *algjörlega óháð þeim aðilum sem bera ábyrgð á úrræðinu sjálfu* hvort heldur það er sveitarfélag eða ríki. Eftirlitið þarf að vera á höndum fagaðila sem hafa góða þekkingu á stöðu barna og börnum í vanda, barnaverndarkerfinu og meðferð. Ekki er raunhæft að ætla að aðeins einn aðili sinni eftirlitshlutverkinu og huga þarf að því hvort eftirlitið eigi einnig að varða börn í fóstri eða börn sem vistuð eruð skv. númerandi 84 grein, þ.e. í allt að þrjá mánuði.

Loks vill RBF undirstrika mikilvægi þess að tryggja málaflöknum fjármagn til þess að unnt verði að sinna þeim mörgu flóknu og ólíku verkefni sem varða velferð barna og foreldra.

Eileen Munro – endurskoðun á barnaverndarkerfinu í Bretlandi

<http://www.education.gov.uk/munroreview/downloads/Munrointerimreport.pdf>

Annie G. Stange



Alþingi
Erindi nr. P 139/2395
komudagur 13.5.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og
tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 12. maí 2011

0806521SA GB
Málalykill: 233

Efni: Sjónarmið um 40. gr. frv. til barnaverndarlaga, 56. mál

Vísað er til tölvupósts frá ritara félags- og tryggingamálanefndar, dags. 9. maí sl., þar sem óskað er eftir afstöðu Sambands Íslenskra sveitarfélaga til hugmynda um hugsanlegar breytingar á 3. mgr. 40. gr. ofangreinds frumvarps. Breytingarnar lúta að kostnaði við skólagöngu barna í tímabundnu fóstri utan lögheimilissveitarfélags síns.

Í ljósi þess að í menntamálanefnd Alþingis er til umfjöllunar frumvarp um breytingar á lögum um grunnskóla, þar sem einnig er komið inn á skólagöngu og kostnað við skólavist fósturbarna, vakna eðlilega spurningar um það hvort æskilegt sé að fjallað sé um þessi atriði í tvennum lögum eða aðeins einum.

Ljóst er að skv. 5. gr. grunnskólalaga er nú þegar tryggt að fósturbörn eiga rétt á að innritast í grunnskóla. Það er því í reynd óþarft að kveða einnig á um rétt fósturbarna til skólavistar í 3. mgr. 40. gr. frumvarps til barnaverndarlaga.

Það eru því einkum tvö vandamál sem eru enn til staðar:

Í fyrsta lagi koma á hverju ári upp ágreiningsmál milli sveitarfélaga um greiðslu þess sérstaka kostnaðar sem stafar af viðkomandi fósturbarni. Þar getur verið um misjafnar ástæður að ræða, þ.e. ekki bara kostnað við sérkennslu eða sérstakar ráðstafanir innan skólans heldur koma stundum einnig upp álitamál um kostnaðaraukningu vegna skólaaksturs (dæmi eru um að skólabifreið sé þegar fullnýtt og því ekki hægt að koma fleiri börnum í bílinn. Af því getur hlotist verulegur aukakostnaður). Langflest þessara mála tekst sveitarfélögum þó að leysa sín á milli án nokkurra deilna.

Í öðru lagi er það síðan faglega hliðin. Samband Íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað bent á að taka þurfi meira tillit til skólamála við val á fósturheimili til að tryggt sé að valið sé það úrræði sem er barninu fyrir bestu. Umræðan hefur aðallega beinst að því að skólar eru misvel í stakk búnir til þess að taka við börnum með miklar sérþarfir, t.d. vegna þess að í sumum skólum er ekki starfandi sérkennari eða greitt aðgengi að sérfræðipjónustu. Einnig getur álag á slíka starfsmenn þegar verið of mikið. Aðrir þættir geta þó einnig skipt máli við val á fósturheimili (og leyfisveitingar til þeirra) og þar má einkum nefna fjarlægð frá skóla enda er það tæpast æskilegt fyrir börn sem t.d. glíma við alvarlega sálræna erfiðleika eða hegðunarraskanir að ferðast lengi á hverjum degi í skólabifreið.

Í erindi félags- og tryggingamálanefndar er óskað álits sambandsins á því hvort það sé ásættanlegt að kveða á um almenna reglugerðarheimild



velferðarráðherra til að setja reglur um kostnað í stað eftirfarandi orðalags í 3. mgr. 40. gr. barnaverndarlaga: „og ber að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðipjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.“

Það er álit sambandsins að slík breyting væri líklega frekar til bóta, og tvímælaust mun ásættanlegri en texti frumvarpsgreinarinnar eins og hann er nú. Ástæða er þó jafnframt til þess að hvetja nefndina til þess að skoða hvort heppilegra sé að mennta- og menningarmálaráðherra setji frekar slíkar reglur á grundvelli 5. gr. laga um grunnskóla, sbr. breytingu sem lögð er til í 2. gr. frumvarps til laga um breytingu á þeim lögum. Það fyrirkomulag væri e.t.v. eðlilegra þegar lítið er til þess að í 1. málslíð 3. mgr. 40. gr. frumvarps til laga um breytingar á barnaverndarlögum segir „...og fer almennt um kostnað vegna þeirrar þjónustu samkvæmt þeim lögum sem gilda á hverju sviði.“ Benda má þó á að sambærilega breytingu þyrfti helst einnig að gera á lögum um leikskóla.

Ef framangreind leið væri farin, þ.e. að kostnaður vegna skólagöngu fósturbarna ráðist af reglugerð sem sett verður á grundvelli grunnskólalaga, virðist mögulegt að fella brott seinni tvo málslíði 3. mgr. 40. gr., sbr. einnig 2. mgr. 39. gr. reglugerðar um fóstur, nr. 804/2004. Í því kann að felast nokkur einföldun á lagaumhverfi sem hefur reynst of flókið í framkvæmd. Sambandið getur fyrir sitt leyti stutt að slík leið verði farin. Í sömu reglugerð þyrfti þó jafnframt að huga betur að vægi skólamála heldur en gert er nú, sbr. einkum 8. og 16. gr.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Fylgiskjal:

Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum, 747. mál



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. mennamálanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 10. maí 2011

1102004SA TP
Málalykill: 340

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á grunnskólalögum - 747. mál

Vísað er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis dags. 19. apríl sl., þar sem ofangreint frumvarp var sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Almennt um frumvarpið

Frumvarpið var unnið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og var farið allfarlega yfir ýmsa þætti. Í þeirri vinnu lagði sambandið megináherslu á að frumvarpið ætti að snúast um tvennt:

- (1) Úrbætur á ýmsum framkvæmdaratriðum sem reynt hefur á við innleiðingu grunnskólalaganna frá 2008.
- (2) Viðbrögð við afleiðingum af efnahagshruninu sem komið hafa fram frá hausti 2008 og enn sér ekki fyrir endann á.

Það eru sambandinu mikil vonbrigði að mennta- og menningarmálaráðherra skuli hafa ákveðið að leggja fram það frumvarp sem hér er fjallað um án þess að koma til móts við eðlilegar og réttmætar tillögur um mögulegar hagræðingaraðgerðir í samræmi við lið (2). Minnt er á að mörg sveitarfélög eru nauðbeygð að grípa til aðgerða í umfangsmestu málaflokkum sínum til að bregðast við ört versnandi fjárhagsstöðu. Þá hefur skólamálanefnd sambandsins ályktað um heimildir til þess að draga tímabundið úr (vikulegu) kennslumagni í grunnskólum, og vísað til greinargerða sem unnar hafa verið af fulltrúum sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Mikil vinna hefur verið lögð í þessar greinargerðir eins og menntamálanefnd er ugglaut kunnugt um, enda hefur mikil umræða átt sér stað innan skólasamfélagsins um tillögur sveitarfélaganna. Að þessar tillögur hafi einungis hlotið hljómgrunn hjá ráðherra hvað eitt lítið atriði varðar (breyting skv. 4. gr. frv. sbr. hér á eftir) er óásættanlegt að mati sambandsins. Skorað er á hæstvirta menntamálanefnd Alþingis að taka tillögur sambandsins og sveitarfélaganna til sjálfstæðrar skoðunar samhliða umfjöllun á fyrirliggjandi frumvarpi, eins og vikið er að í niðurlagskafla hér á eftir.

Að því er varðar úrbætur skv. lið (1) sem eru meginefni fyrirliggjandi frumvarps, telur sambandið þær að meginstefnu til jákvæðar og mælir með samþykkt þeirra, að teknu tilliti til atriða sem rakin eru hér á eftir við hverja grein fyrir sig.



Um 3. gr. frv. Samstaða er meðal aðila skólasamfélagsins um það mikilvæga hlutverk sem skólasöfn gegna. Því er eðlilegt að ákvæði um þennan þátt sé í lögum og gerir sambandið ekki athugasemd við efni ákvæðisins og framsetningu þess innan 20. gr. laganna. Tekið er undir ummæli í skýringum með þessari grein frumvarpsins að með þessu sé ekki verið að leggja aukin verkefni á sveitarfélög. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sambandið komust einnig að þeirri niðurstöðu í kostnaðarmati (sem menntamálanefnd á að hafa fengið í hendur) að ákvæðið hefði ekki kostnaðarauka í för með sér.

Um 4. gr. frv. Sambandið er sammála þeirri breytingu sem hér er lögð til og leggur áherslu á að jafnvel þótt lögbundið lágmarkshlutfall valgreina á unglingastigi verði lækkað muni valið eftir sem áður verða meira hér á landi en yfirleitt er í þeim löndum sem íslenskir skólar miða sig helst við.

Um 5. gr. frv. Sambandið gerir ekki athugasemd við þessa tillögu en bendir á að samkvæmt gildandi lögum hafa sveitarstjórnir það í hendi sér að samræma vetrarleyfi í leik- og grunnskólum innan sveitarfélagsins. Tillagan felur því fremur í sér áréttingu en efnislega breytingu.

Um 6. gr. frv. Frá árinu 2008 hefur sambandið átt mjög gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið um innleiðingu nýrra laga. Setning reglugerða er mikilvægur þáttur í þessu ferli og er því nánast lokið, með því að einungis á etir að setja reglugerð um framkvæmd á 14. gr. laganna, sem fjallar um ábyrgð nemenda.

Þegar vinna við smíði reglugerðarinnar var komin á góðan rekspól bárust ábendingar frá ýmsum aðilum um að reglugerðin ætti ekki einungis að fjalla um ábyrgð nemenda, heldur færi best á því að samhliða yrði fjallað heildstætt um það sameiginlega verkefni aðila skólasamfélagsins að viðhalda góðum starfsanda og skólabrag, og bregðast sérstaklega við erfiðum samskiptamálum á borð við einelti.

Ráðuneytið og sambandið voru sammála um að bregðast við þessum ábendingum og er tillagan í 6. gr. frv. gerð til þess að tryggja að heildstæð reglugerð hafi fullnægjandi lagastoð.

Um 7. gr. frv. Sambandið er sammála þeirri breytingu sem hér er lögð til. Tillagan á efnislega samleið með 2. gr. frv.

Um 8. gr. frv. Með þessari grein eru lagðar til allmiklar breytingar á lagaumhverfi einkarekinna grunnskóla. Þar er ótvírætt til bóta að þjónustusamningar skóla og sveitarfélags fái skýrari umgjörð og er sambandið sammála tillögum sem gerðar eru í því efni. Óþarft er hins vegar að mati sambandsins að binda gildistíma samninga við tiltekinn árafjölda og er tekið undir athugasemdir Reykjavíkurborgar í því efni.

Sambandið gerir út af fyrir sig ekki athugasemd við að þessar breytingar nái fram að ganga eins og lagt er til, en áréttar athugasemdir sínar frá fyrri stigum þegar löggjafinn hefur fjallað um málefni einkarekinna grunnskóla. Þannig hefur sambandið talið æskilegra að lög kveði ekki á um tiltekið lágmarksframlag sveitarfélags til rekstur skóla, heldur eigi það að vera



samkomulagsatriði samhliða því að sveitarfélag veitir samþykki sitt fyrir stofnun skóla í upphafi.

Ástæða er því fyrir menntamálanefnd að taka 43. gr. alla til heildstæðrar skoðunar í þessari löggjafarvinnu og þá sérstaklega hvort ástæða sé til þess að fella niður ákvæði um útreikning framlaga skv. 3. mgr. þeirrar greinar í gildandi lögum.

Um 11. gr. frv. – ákvæði til bráðabirgða

Með þessari tillögu er brugðist við eindreginni gagnrýni á þá ákvörðun sem tekin var við afgreiðslu fjárlaga ársins 2010, að skerða fjárframlög ríkisins til kennslu grunnskólabarna í framhaldsskólaáföngum.

Sveitarfélög og grunnskólar hefðu að sjálfsgöðu viljað sjá þessi viðbrögð með öðrum hætti og þá þannig að staðið væri við rétt barnanna, fremur en að klippa hann tímabundið úr sambandi til ársins 2014. Þá þykir sambandinu skjóta skökku við að á sama tíma og þessi skerðing er fest í sessi með lögum er verið að stórauka framboð á framhaldsskólamenntun fyrir eldri hópa að 25 ára aldri.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið rökstuddi á sínum tíma réttmæti skerðingarinnar með því að kennsla grunnskólabarna væri ekki hluti af „grunnþjónustu“ framhaldsskólans og þeim „kjarnahópi“ 16 – 20 ára ungmenna sem framhaldsskólinn ætti lögum samkvæmt að sinna. Takmarkaðar fjárveitingar ríkisins ættu einungis að renna til þessa hóps.

Þessi rök voru talin vega þyngra en að framfylgja meginatriði nýrrar menntastefnu frá 2008 um sveigjanleika og flæði milli skólastiga. Í ljósi atvika er ástæða til þess að menntamálanefnd grenslist fyrir um það hvernig ráðuneytið rökstyður nú að 14 og 15 ára börn eigi að sæta skerðingu meðan þeir sem eru eldri en 20 ára njóta nú skyndilega stóraukins framboðs.

Aðrar tillögur en þær sem fram koma í frumvarpinu

Í meðfylgjandi skjölum koma fram tillögur og greining sveitarfélaga á mögulegum hagræðingaraðgerðum og er vísað til þeirra.


Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

Afrit: Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis
Fskj: Bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðherra
dags. 11. febrúar 2011, ásamt greinargerðum
Álit sent félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, dags. 12. maí 2011



Alþingi
Erindi nr. P 139/2010
komudagur 7.4.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félags- og tryggingamálaráðherra
Árni Páll Arnason
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Reykjavík 12. nóvember 2009

0806521SA GB
Málalykill: 233

Efni: Fyrirvari við tillögur starfshóps um breytingar á barnaverndarlögum

Undirritaður hefur f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga tekið þátt í vinnu starfshóps um endurskoðun barnaverndarlaga. Í meginatriðum er ég sammála þeim tillögum sem starfshópurinn leggur fram en geri fyrirvara f.h. sambandsins við eftirfarandi greinar frumvarpsins:

A. Skólakostnaður vegna fósturbarna

Í 41. gr. frumvarpsdraganna eru lagðar til breytingar á 75. gr. laganna, sem fjallar um kostnað vegna fósturbarna. Í frumvarpsgreininni segir meðal annars:

„Hverju sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að skólaskyld börn, sem ráðstafað hefur verið í tímabundið fóstur til fósturforeldra sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, njóti skólavistar og ber að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst af skólagöngu barnsins, svo sem kostnað vegna skóla og aksturs. Sveitarfélag sem ráðstafar barni í tímabundið fóstur ber þó ábyrgð á að greiða kostnað vegna sérfræðipjónustu eða sérþarfa fósturbarns í tengslum við skólagöngu.“

Að mati undirritaðs felst í greininni frávik frá þeirri grundvallarreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu án endurgjalds. Tillaga meirihluta starfshópsins felur í sér mjög þyngjandi skyldur fyrir þau sveitarfélög sem taka við fósturbörnum. Þótt ekki verði um kostnaðaráhrif að ræða fyrir sveitarstjórnarstigið í heild mun innbyrðis kostnaðarskipting breytast og verða það einkum minnstu sveitarfélögin sem munu bera hallann af þeirri breytingu.

Undirritaður hefur ekki sannfæringu fyrir því að tillagan leiði til framfara á sviði barnaverndarmála. Ljóst er að sveitarfélögum ber nú þegar skylda til að veita fósturbörnum skólavist, sbr. 5. gr. grunnskólalaga. Eins og áður segir fer tillagan í bága við þá meginreglu að sveitarfélögum er ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu að kostnaðarlausu. Undirritaður er þó sammála því að nauðsynlegt sé að breyta barnaverndarlögum með hliðsjón af áliti mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem vísað er til í skýringum við frumvarpsgreinina. Spurningin er fyrst og fremst sú hvort breytingin eigi að vera á þá leið sem meirihluti starfshópsins leggur til eða hvort fremur eigi að leggja til breytingu í þveröfuga átt, þ.e. að taka skýrt fram að bæði almennur og sértækur skólakostnaður vegna barna í tímabundnu fósturi skuli greiðast af lögheimilissveitarfélagi, eftir atvikum á grundvelli viðmiðunarreglna sambandsins, líkt og verið hefur sbr. reglugerð nr. 804/2004.



B. Breytt verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Í 43. gr. frumvarpsdraganna er lögð til breyting á 79. gr. laganna sem felur í sér að ríkið taki alla ábyrgð á því að tiltæk séu heimili og stofnanir til að vista börn skv. lögnum en í 84. gr. gildandi laga hafa tiltekin vistunarúrræði verið á ábyrgð sveitarfélaganna. Samkvæmt 49. gr. er gert ráð fyrir því að auknum kostnaði ríkisins af þessum sökum verði mætt með því að sveitarfélög greiði vistunargjöld til ríkisins.


Undirritaður er sammála þessari tillögu um breytta verkaskiptingu enda virðist ljóst að ábyrgð verði skýrari og val á vistunarúrræðum betra en áður. Jafnframt er þó ljóst að í gjaldtökuheimildinni felst að ríkið geti krafist sveitarfélög um gjald fyrir vistunarúrræði sem nú þegar eru á ábyrgð ríkisins.

Til þess að tryggja að sveitarfélögin verði ekki fyrir auknum kostnaði af þeim breytingum sem starfshópurinn leggur undirritaður áherslu á að gert verði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd tillagnanna, með hliðsjón af 101. gr. sveitarstjórnarlaga. Þar verði jafnframt kveðið á um réttindi þeirra starfsmanna sem flytjast frá sveitarfélögum til ríkisins, fyrirkomulag gjaldtöku og önnur atriði sem máli skipta til að tryggja að hvorugur aðilinn beri skarðan hlut frá borði.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs



Alþingi
Erindi nr. D 139/2813
komudagur 27.5.2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. félags- og
tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 27. maí 2011

0806521SA GB
Málalykill: 233

56. mál
Efni: Athugasemd vegna frv. til barnaverndarlaga, ~~57.~~ mál

Á fundi félagsþjónustunefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 23. maí sl. var fjallað um minnisblað Barnaverndarstofu dags. 13. apríl sl. vegna flutnings verkefna frá sveitarfélögum til ríkis. Um er að ræða tilfærslu á verkefnum sem snúa að vistun barna utan heimilis á stofnun. Jafnframt var rætt um nefndarálit félags- og tryggingamálanefndar um frumvarp til laga um breytingar á barnaverndarlögum, þar sem m.a. kemur fram afstaða nefndarinnar til sömu breytinga.

Í umræddu minnisblaði Barnaverndarstofu koma fram skýrari upplýsingar en áður hafa legið fyrir um kostnað við rekstur vistheimila og meðferðarúrræða sem starfrækt eru á grundvelli barnaverndarlaga. Jafnframt eru þar í fyrsta sinn settar fram útfærðar hugmyndir um gjaldtöku af sveitarfélögum fyrir vistun barna og ungmenna á vistheimilum og fyrir þátttöku í meðferðarúrræðum. Er þar bæði gert ráð fyrir gjaldtöku vegna úrræða sem falla undir 79. gr. barnaverndarlaga og úrræða sem þegar eru á ábyrgð Barnaverndarstofu og sem standa sveitarfélögunum nú að mestu til boða að kostnaðarlausu, t.d. á Stuðlum.


Nefndarmenn félagsþjónustunefndarinnar lýstu yfir verulegum áhyggjum af kostnaðaráhrifum þessara tillagna. Bent var á að kostnaður vegna hvers barns sem vistað er á meðferðarstofnun verður mjög íþyngjandi fyrir viðkomandi sveitarfélög og telur nefndin fráleitt að uppbygging nýrra úrræða á sviði barnaverndar leiði til þess að sveitarfélög fari að greiða fyrir meðferðarúrræði sem eru á ábyrgð ríkisins. Jafnframt verði að hafa í huga að ef vistheimili verða eingöngu byggð upp suðvestanlands verði barnaverndarnefndir að meta hvort það er viðkomandi barni fyrir bestu að vista það fjarri heimili sínu.

Áhersla er lögð á það af hálfu sveitarfélaga að teknar verði upp formlegar viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um breytta verkaskiptingu og kostnaðarskiptingu, eins og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ítrekað bent á að nauðsynlegt er að gera, áður en slíkar breytingar verða lögfestar.

Er þess því eindregið farið á leit við félags- og tryggingamálanefnd að fulltrúar sveitarfélaga verði kallaðir til fundar við nefndina til að ræða fjárhagsleg áhrif fyrirhugaðra verkaskipta og mögulegar leiðir til þess að tryggt verði að breytingar á verkaskiptingu geti farið fram í sátt beggja stjórnýslustiga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fjallaði um fundargerð félagsþjónustunefndar á fundi sínum í dag og tók stjórnin undir framangreinda afstöðu nefndarinnar.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Karl Björnsson', is written over a horizontal line. The signature is fluid and cursive.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 139/185
komudagur 9.11.2010

Selfossi, 8. nóvember 2010
1005203 AI

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, þskj. 57 - 56. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Málið kom til bæjarstjórnar Árborgar þann 20. október 2010 til umsagnar og var verkefnisstjóra félagslegrar ráðgjafar hjá Fjölskyldumiðstöð Árborgar falið að svara erindinu.

1. Almennar athugasemdir

Almennt séð fagnar Sveitarfélagið Árborg breytingum á barnaverndarlögum og finnst þær vera til bóta og um leið skerpa á þeim lagagreinum sem breytingarnar ná til.

- Sveitarfélagið Árborg harmar þó að ekki hafi verið tekið tillit til áhersluatriðis frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í 39. gr. frumvarpsins en þar eru lagðar til breytingar á 75. gr. laganna en sú grein fjallar um kostnað vegna fósturbarna. Í breytingunni kemur fram að því sveitarfélagi sem tekur við fósturbarni sé skylt að sjá til þess að skólaskyld börn njóti skólavistar og beri að greiða allan venjubundinn kostnað sem hlýst vegna skólagöngu barns, s.s. vegna skóla og aksturs. Eins og fram kemur í fyrirvara frá fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga getur þetta verið mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélög og stangast á við þá grundvallarreglu að sveitarfélögum sé ekki skylt að veita íbúum annarra sveitarfélaga þjónustu án endurgjalds. Þetta gæti leitt til þess að heimili sem hafa leyfi til að taka fósturbörn séu ekki vel séð á meðal samfélagsins þar sem því gæti fylgt kostnaður fyrir sveitarfélagið. Það var mikill fengur í álit mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að það eigi að veita fósturbörnum skólavist, sbr. 5. gr. grunnskólalaga, það eitt og sér var mikill áfangi. Þó svo að fljótt á litið sé ekki um kostnaðaráhrif að ræða fyrir sveitarstjórnarstigið í heild sinni, er ljóst að þetta gæti samt haft áhrif, sérstaklega fyrir minnstu sveitarfélögin, sem gætu þurft að bæta við sig mannafla eða breytta skólaakstri sínum vegna fósturbarns. Sveitarfélagið Árborg hefði viljað sjá skýra afstöðu til þess að bæði almennur og sértækur skólakostnaður vegna barna í tímabundnu fóstri eigi að greiðast af lögheimilissveitarfélagi barns, þó með viðmiðunarreglur sambandsins að leiðarljósi, líkt og verið hefur sbr. reglugerð 804/2004.

2. Athugasemdir við einstakar greinar

- Í 13. gr. frumvarpsins kemur fram að eftir b-lið 1. mgr. kemur nýr staflíður, svohljóðandi: „*kveðið á um að heimilt sé að láta aðilum, sem vinna með mál viðkomandi barns og nefndir með í 2. mgr. 17. gr. og 18. gr., í té upplýsingar um líðan barns eða meðferð máls ef það er talið nauðsynlegt vegna hagsmuna barnsins.*“ Í þessu kemur ekki fram hvort þurfi að hafa leyfi foreldra eða upplýsa þá um að barnaverndarnefnd láti í té upplýsingar um vinnslu málsins til

ofangreindra aðila. Mikilvæg er að hafa þetta skýrt og lagt er til að í lok textans komi „Ef barnaverndarnefnd telur að það þjóni hagsmunum barnsins að láta í té upplýsingar til annarra en foreldra ber nefndinni að upplýsa foreldra um að viðkomandi aðila verði veittar upplýsingar.


Ef barnaverndarstarfsmenn geta látið upplýsingar í té án samþykkis eða samvinnu við foreldra getur, það skapað enn meira vantraust foreldra á barnaverndarnefndina. En meginmarkmið barnaverndaryfirvalda er að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og sýna þeim ávallt fyllstu nærgætni og virðingu.

- Í 39. gr. frumvarpsins er fjallað um umgengni og lagt til aukið vægi fósturforeldra þegar gerðir eru umgengnissamningar og er þetta skref í þá átt að bæta réttarstöðu fósturforeldra. Þessu ber að fagna því það gefur auga leið að mikilvægi þess að umgengni geti farið fram er að fósturforeldrar séu með í ráðum, sérstaklega þegar um varanlegt fóstur er að ræða og börn eru ung.
- Í 40. gr. og 49. gr. frumvarpsins er fjallað um að ráðherra setji reglugerð þar sem mælt verði fyrir um greiðslur til fósturforeldra þarna er átt við upphæð gjalda sem sveitarfélögum ber að greiða vegna vistunar barns á heimili og stofnunum á ábyrgð ríkisins. Sveitarfélagið fagnar þessu og leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að samræmdar reglur séu um þessa þætti.

3. Lokaorð

Sveitarfélagið Árborg fagnar nýmælum og orðalagsbreytingum í frumvarpinu þó ekki sé um umtalsverðar breytingar að ræða, fyrst og fremst er verið að skýra og skerpa ákvæði laganna. Helstu breytingar eru verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga við vistun barna utan heimilis. Í frumvarpinu er kveðið á um meiri kostnaðar þátttökusveitarfélaga í úrræðum utan heimilis. Þá kemur fram í frumvarpinu nýr kafli um mat og eftirlit með gæðum úrræða og vistunar barna utan heimilis. Helstu nýmæli frumvarpsins sem hafta í för með sér aukinn kostnað hjá sveitarfélögum eru. skólamál barna sem vistast í tímabundnu fóstri en viðtökusveitarfélag ber almennan kostnað, s.s. skólakostnað og akstur en það sveitarfélag sem ráðstafar barninu í fóstur ber ábyrgð á kostnaði vegna sérfræðipjónustu eða sérþarfa í tengslum við skólagöngu. Einnig kemur fram í frumvarpinu aukinn kostnaður sveitarfélaga þegar börn fara í úrræði utan heimilis. Að sama skapi mun ríkið sjá um að byggja upp heimili og stofnanir til að slík úrræði séu til staðar sama hvar á landinu barn á heima, er þetta gert til að tryggja jafnræði sem er mjög jákvætt. Einnig ber að fagna þeirri nýbreytni að félags- og tryggingamálaráðuneytið muni setja gjaldskrá, að fengnum tillögum Barnaverndarstofu um greiðslu vegna vistunar barna á heimilum og/eða á stofnunum sem og greiðslum með börnum í fóstur. E þetta mikilvægt í allri samræmingu og að allir sitji við sama borð hvar á landinu sem þeir búa.

Virðingarfyllst,



Anný Ingimarsdóttir, félagsráðgjafi
verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar

23.11.2010

56. mál

Komið þið sæl

Vísað er til nýlegs fundar umboðsmanns barna með félags- og tryggingamálanefnd þar sem verið var að ræða frumvarp til barnaverndarlaga.

Á fundinum lýsti umboðsmaður barna m.a. yfir áhyggjum sínum á málefnum barna sem eru í fangelsum. Umboðsmaður hefur heimsótt flest fangelsin á Íslandi á síðustu mánuðum. Heimsóknirnar hafa leitt í ljós að sáralítill samvinna er á milli barnaverndaryfirvalda og fangelsisyfirvalda. Þannig virðist barnaverndarnefnd ekki hafa afskipti af börnum sem eru í fangelsum. Sömuleiðis virðast engin úrræði til staðar fyrir ungmenni þegar þau losna úr fangelsi.

Nefndarmenn báðu umboðsmann að koma með tillögu að því hvar í barnaverndarlögunum væri best að fjalla um þetta málefni.

Í 3. mgr. 20. gr. barnaverndarlaga er fjallað um skyldu fangelsismálayfirvalda og lögreglu til að hafa samstarf við barnaverndarnefndir. Umboðsmaður barna teldi rétt að skerpa á orðalaginu og taka einnig fram að barnaverndarnefnd hafi skyldu til þess að vera í samvinnu við fangelsismálayfirvöld, t.d. í þeim tilvikum sem barn situr í fangelsi.

Einnig telur umboðsmaður barna rétt að kveðið sé á um upplýsingaskyldu fangelsismálayfirvalda til barnaverndarnefnda í þeim tilvikum sem barn undir 18 ára aldri lýkur afplánun. Í slíkum tilvikum væri æskilegt að mati umboðsmanns barna að fangelsismálayfirvöld og barnavernd myndu vinna saman í að tryggja barni viðeigandi úrræði og hjálpa því að aðlagast samfélaginu á ný.

Loks telur umboðsmaður barna mikilvægt að í lögum um fullnustu refsinga nr. 47/2005 sé einnig áréttað að samstarf skuli ríkja milli fangelsismálayfirvalda og barnaverndaryfirvalda.

Með kveðja,
Margrét María

Margrét María Sigurðardóttir

umboðsmaður barna

Tillögur og athugasemdir Vistforeldra í sveitum og Félags fósturforeldra á Íslandi.

1.

Öskum eftir að bætt sé inn texta í 65 gr.,... áfengis og vímuefna neysla.“

– 65. gr. Fóstur.

– Með fóstri er í lögum þessum átt við að barnaverndarnefnd feli sérstökum fósturforeldrum umsjá barns í a.m.k.

þrjá mánuði þegar:

a. foreldrar sem fara með forsjá barns afsala sér forsjá til

barnaverndarnefndar eða samþykkja fóstur,

b. barn er forsjárlaust, svo sem vegna andláts foreldris,

ekki næst til foreldris eða af öðrum sambærilegum ástæðum,

c. foreldrar hafa verið sviptir forsjá skv. 29. gr.

– Fóstur getur verið tvenns konar, varanlegt eða tímabundið.

Með varanlegu fóstri er átt við að það haldist þar til forsjárskyldur

falla niður samkvæmt lögum. Fara fósturforeldrar þá

á að jafnaði með forsjárskyldur nema annað þyki betur henta

þörfum barns og hagsmunum að mati barnaverndarnefndar.

Að jafnaði skal ekki gerður samningur um varanlegt fóstur

fyrir en að liðnum reynslutíma sem skal ekki vera lengri en

eitt ár.

– Markmið fósturs skv. 1. mgr. er að tryggja barni uppeldi

og umönnun innan fjölskyldu svo sem best hentar þörfum

þess. Barni skal tryggður góður aðbúnaður hjá fósturforeldrum

og þeir skulu sýna fósturbarni umhyggju og nærfærni og

leitast við að efla andlegan og líkamlegan þroska þess. Nánar

skal kveðið á um réttindi og skyldur fósturforeldris í fóstursamningi.

Ef barn, sem ráðstafað er í fóstur, á við að stríða verulega

hegðunarerfiðleika vegna geðrænna, tilfinningalegra og

annarra vandamála svo sem, áfengis og vímuefna neyslu.

(af því tagi er enn fremur heimilt að mæla

fyrir um sérstaka umönnun og þjálfun á fósturheimili í stað

þess að vista það á stofnun.)

2.

Samkvæmt breytingartillögum frumvarpsins 40. grein.

Gerum við athugasemdir við yfirfærslu greiðslna vegna skólagöngu og skólaakstur fósturbarna. Þar er tilgreint að sveitafélag sem ráðstafar barni beri ekki lengur kostnað af skólagöngu og skólaakstri.

Meginhluti fósturheimila eru á landsbyggðinni, í misstórum sveitarfélögum. Ljóst er að Reykjavíkurborg og hin stærri sveitarfélögin eru með langfelstar fósturvistarnir af öllum sveitarfélögum í landinu

Það hefur þegar borið á því að smá sveitarfélög og skólar hafa veigrað sig við að taka við fósturbörnum og beinlínis synjað þvert á það sem grunnskólalög segja til um. Bæði vegna smæðar sinnar og kostnaðarauka sem fylgir oft þessum börnum vegna misjafna stöðu þeirra, algengt er að þessi börn séu búin að missa mikið úr skóla og þeim fylgja jafnvel engar greiningar og þar að leiðandi engar auka greiðslur og hafa skólar orðið að mæta þessu sjálfir. Þetta hefur oft valdið þeim og fósturforeldrum erfileikum sem ekki er á bætandi.

Við vörum stórlega við að þessi leið verði farinn og okkar tillaga er að þetta ákvæði verði fellt út.

Við leggjum til að það sveitarfélag sem ráðstafar fóstri greiði fyrir þessa þjónustu.

3.

Samkvæmt breytingartillögum frumvarpsins 49. grein sem fjallar um framfærslukostnað.

Í barnaverndarlögum er stuðast við reglugerð 1) Rg. 804/2004.

En samkvæmt breytingartillöguögum frumvarpsins 49. grein. Þar sem vísað er í 75. grein og með tilvísun skv. 4. mgr. 65. gr. fer samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 88. gr.1)

Í tillögum er vísað í reglugerð um fóstur nr. 804/2004 grein nr 24.

Þar eru greiðslur til fósturrástafana tengdar við barnalífeyrir

Við förum fram á þessu orðalagi verði breytt og í staðinn notað framfærslukostnaður annarsvegar og hins vegar fósturlaun.

Þetta er mikið hagsmunamál að þessi tengsl við barnalífeyrir séu rofin þar sem um allsendis óskyldan grun er að ræða

4.

Samkvæmt breytingartillögum frumvarpsins 87. gr. er kveður á samningsaðila þar sem tilgreint er Barnavendarstofa og Samband íslenskra sveitafélaga við förum fram á að þarna sé tilgreint einnig hagsmunasamtök fósturforeldra.

Eins og staðan er í dag hafa hagsmunasamtökum fósturforeldra ekki verið boðið að samningarborði

Þar sem greiðslur og annar kostnaður er skilgreindur og ákvarðaður.

Mikil óánægja gætir innan þessa hóps þar sem mjög er hallað á fósturforeldra og fósturbörn og er ekki ásættanlegt að fósturforeldrar sé sniðgengnir með þessum hætti.

5.

Í barnaverndarlögum er hvergi getið um tryggingarmál fósturbarna.

og viljum við benda á nauðsyn þess að skýrt sé kveðið á um réttindi barna til bóta af hvaða tagi sem er.

Það hefur marg oft komið i ljós að þarna skortir verulega á bæði er varðar þau sjálf og þriðja aðila.

Viljum við óska eftir að þetta sé tekið til greina.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1443
komudagur 21.2.2011

From: Gerður Árnadóttir [mailto:gerdur@throskahjalp.is]
Sent: 21. febrúar 2011 17:19
To: Hildur Eva Sigurðardóttir
Cc: Friðrik Sigurðsson
Subject: Samn. SP um réttindi fatlaðs fólks m.t.t. barnaverndarfrumvarps

56. mál

Sæl Hildur Eva.

Vísa til fundar í dag með félags- og tryggingamálanefnd Alþingis. Meðfylgjandi eru tilvitnanir í skýrslu nefndar um fullgildingu Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks m.t.t. barna og frumvarps til barnaverndarlaga. Vona að þetta komi að einhverju gagni. Láttu endilega vita ef við getum orðið að frekara gagni.

Með kveðju,

Gerður A. Árnadóttir formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Tillögur nefndar um fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem varða börn sérstaklega – m.a. með tilliti til breytinga sem gera þarf á frumvarpi til barnaverndarlaga.

Varðandi 7. gr.

Í 7. grein er fjallað sérstaklega um að tryggja þurfi réttindi fatlaðra barna.

Löng bíð eftir greiningu og þjónustu er alvarlegt brot á réttindum fatlaðra barna. Nefndin beinir því til Umboðsmanns barna að hann skoði sérstaklega málefni fatlaðra barna og geri tillögur eftir því sem við á. Tryggja þarf fötluðum börnum aðgang að margvíslegri þjónustu sveitarfélaga á borð við íþróttir, tómstundir og annað æskulýðsstarf og er eðlilegt að slíkt ákvæði komi fram í nýjum lögum um réttindi fatlaðs fólks.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 þarf að taka fram í 1. gr. að þau nái einnig til fatlaðra barna og þannig tryggja einnig í 46. gr. rétt fatlaðra barna til að tjá sig. Í 6. mgr. 7. gr. vantar ákvæði um ákvarðanatöku, leyfisveitingar og eftirlit o.fl. þegar um er að ræða vistun fatlaðra barna á stofnunum sem ekki heyra undir barnaverndarlögin.

Varðandi 23. gr.

Í 23. grein er fjallað um virðingu fyrir heimilis- og fjölskyldulífi og allar þær ráðstafanir sem grípa þarf til svo hægt sé að tryggja fötluðu fólki þennan rétt til jafns við aðra.

Nefndin telur eðlilegt að efni þeirrar greinar komi fram í lögum um réttindi fatlaðs fólks.

Nefndin beinir því til Lýðheilsustöðvar að hún gangist fyrir markvissu átaki í kynfræðslu fatlaðs fólks, einkum þeirra sem njóta félagslegrar þjónustu vegna fötlunar sinnar.

Réttur fatlaðs fólks til að fá haldið frjósemi sinni til jafns við aðra krefst þess að lög nr. 16/1938 verði felld alveg úr gildi.

Tryggja þarf réttindi fatlaðs fólks með tilliti til lögráða, forráða, fjárhalds og ættleiðingar barna. Þá þarf að veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppalendur barna. Endurskoða þarf lög um ættleiðingar, nr. 130/1999, með það að leiðarljósi að auka möguleika fatlaðs fólks til ættleiðinga á börnum.

Fötluð börn eiga sama rétt og önnur börn með tilliti til fjölskyldulífs og því þarf að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar.

Einnig þarf að tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema lögbær yfirvöld ákveði og að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Endurskoða þarf barnaverndarlög og tryggja þar réttindi fatlaðra barna til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Einnig þarf að endurskoða d-lið 29. gr. barnaverndarlaga á þann hátt að

passað sé upp á að geta fatlaðra foreldra sé metin með hliðsjón af þeim félagslega stuðning sem þeir eiga rétt á að fá.

Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum sakir fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.

Tekið er fram að reyna skuli til þrautar, ef kjarnafjölskylda er ófær um að annast fatlað barn, að fá annan aðila innan stórfjölskyldunnar til þess að annast barnið og reynist það ekki unnt þá ráðstafa því til fjölskyldu innan samfélagsins. Ekki virðist gert ráð fyrir að til séu heimili fyrir fötluð börn, sbr. 5. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992,